# Gjörðabók Leikfélags Reykjavíkur 1897-1930

## Aðfnr. 1598, 2. hluti:

### Fundabók Leifélags Reykjavíkur 1904-1930

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fundabók

# Leikfjelags Reykjavíkur

## 1904 - 1930

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þ. 26. ág. 1904 var fundur haldinn í Leikfjelagi Rvíkur.

Fundargjörðir tveggja síðustu funda lesnar upp og samþykktar.

Form. skýrði frá að stjórnin hefði ráðið Magnús Vigfússon sem leikstjóra; fundurinn samþykkti það með öllum atkv.

Sömuleiðis skýrði form. frá því að búið væri að ákveða þessi stykki til leiks á komanda vetri

Friegæsterne í 1 þætti eptir Hostrup.
Om Forladelse í 1 þætti eptir Erik Bøgh.
Tre Par í 3 þáttum eptir A. Kielland
The Christian í 5 þáttum eptir Hall Caine.

Stykkin yrðu leikin í þessum lagi. Hann gat þess að ráð væri fyrir gert að byrja á æfingum helzt snemma í septembermán. og að leika í byrjun októbermán.

Form. sagði að áformað væri að útvega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 nýja bekki, sem yrðu „stoppaðir“ og þessvegna þægilegri á[sæti á] hofsendunum. Þeir mundu líkl. kosta 1.25.

Guðm. Magnússon stakk uppá að sett yrði á fót „Guarderobe“. Var það lagt undir aðgjörðir stjórnarinnar.

Helgi Helgason stakk ennfremur uppá að dyrunum að salnum væri lokað jafnskjótt og tjaldið yrði dregið upp. Falið stjórninni til íhugunar.

Form, sem ætlaði til Kaupmannahafnar og dvelja þar nokkurn tíma, árnaði fjelaginu góðs gengis þangað til hann kæmi aptur og sagði svo

Fundi slitið.

Árni Eiríksson

Guðm. Hallgrímsson
ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnud. 5. martz 1905 var haldinn fundur í Leikfj. Rvíkur.

Fundarbók lesin og samþ.

Þá var tekin til umræðu tillaga frá stjórn Leikfjelagsins, sprottin af málsvakning herra Guðm. Finnbogasonar um að fjelög hjer í bænum bindust samtökum um að byggja stórt samkomuhús ásamt leikhúsi hjer í bænum. Till. stjórnarinnar Leikfj. var á þessa leið:

„Leikfjelagið kýs einn mann til að taka sæti í ~~þ~~ nefnd þeirri, sem að undirlagi herra mag. art. Guðmundar Finnbogasonar hefur verið kosin af ýmsum fjelögum bæjarins til að ræða um sameiginlegu húsbygginguna.— Í sambandi við þetta samþykkir fjelagið að borga úr Leikfjelagssjóði kr. 25,00 til þess að standast kostnað af teikningu yfir hið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„væntanlega samkomuhús."
Till. var samþ. í e. hlj.
Til þess að taka sæti í þessari nefnd var stungið upp á Árna Eiríkssyni, og var það samþ. í e. hlj.
Þvínæst bar form. fram aðra till. frá stjórninni svohljóðandi:
„Leikfjelagið samþykkir að veita úr fjelagssjóði kr. 100,00 handa balletdansara G. Berthelsen til að kenna leikdansa í fjelaginu á komanda sumri hjer í Reykjavík, gegn því að þeir, sem taka þátt í danskennslunni, skuldbindi sig til að borga aðrar 100 krónur."
Till. var komin fram af því, að herra G. Berthelsen, dansari við kgl. leikhúsið í Kaupmhöfn, hefur auglýst að hann muni ef til vill koma hingað til lands í sumar komandi og kenna fólki að dansa. Auk þess hafði komið tilboð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til leikfj. um að hann mundi fús að kenna meðlimunum leikdansa fyrir 200 kr. — Eptir nokkrar umræður var till. borin upp til atkv. og samþ. með öllum greiddum atkv.

Fleira gjördist ekki og sagði þá form.

Fundi slitið

Árni Eiríksson / Guðm. Th Hallgrímsson

Hinn 4. júní 1905 var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur. Fundarbók síðasta fundar lesin og samþ. Upptökubeiðni kom frá Frk. Guðrúnu Indriðad., Emilíu Indriðad. og Láru Indriðad. og voru þær samþ. með öllum greiddum atkv.

Gjaldkeri las upp ársreikning félagsins og höfðu tekjurnar alls orðið 10425 kr. Stjórnin hafði tekið lán að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upphæð 450 Kr. með sjálfskuldarábyrgð gegn veði í eignum félagsins, og var sú lántaka samþ. Í sjóði voru Kr. 41,95.

Reikningurinn með tillögum og athugasemdum samþ. með öllum greiddum atkv.

Tillaga kom frá gjaldkera um að ákveða fast gjaldkerakaup án tillits til teknanna, í stað þess að áður hafði gjaldkeri fengið 2% í þóknun fyrir starfa sinn. Samþ. með öllum greiddum atkv.

Að því búnu var kosin stjórn félagsins og hlutu þessir kosningu:

Formaður: Árni Eiríksson með 21 atkv. J. B. W. og Þorv. Þorv. 1 hvor.

Gjaldkeri: Kristján Þorgrímsson með 21 atkv. J. B. W. 1 atkv.

Ritari: Jón Jónsson sagnfr. með 18 atkv. Helgi Helgason 2. J. B. W. 1.

Waraform. Jens B. Waage með öll. greiddum atkv.

– gjaldk. Borgþór Jósefsson m. öll. gr. atkv.

– ritari. Helgi Helgason m. öll. gr. atkv.

Endurskoðendur: Indriði Einarsson og Sig. Jónsson m. öll. atkv. gegn 1.

Í launanefnd: Jón Jónsson og Einar Hjörleifsson með öll. greidd. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Form. las upp reikning frá Eyv. Árnasi & Setberg fyrir aðgerð á stólum og sófa að upph. kr. 34.00 og bar undir atkvæði af því að hann þótti nokkuð hár. Samþ.

Guðm. Magnússon vakti máls á því hvort fél. sæi sér eigi fært að kaupa sjálft og eiga framvegis nauðsynl. húsbúnað. Var það mál eigi rætt frekar að sinni, en lýst yfir því, að það mundi tekið til athugunar síðar.

Fundi slitið.

Árni Einarsson Jón Jónsson.

Hinn 16. júlí 1906 var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur. Fundarbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykt. Formaður bað velvirðingar á því, að aðalfundur væri haldinn svo seint á ári, og taldi það til málsbóta, að leikárinu hefði eigi verið lokið fyrir þann tíma, er lögin ákveða að halda skuli aðalfund, enda hefði slíkt og áður stundum við gengist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldkeri las upp reikning félagsins fyrir útrunnið leikfélagsár, og höfðu tekjur orðið alls kr. 12101,28. Í sjóði voru þá kr. 87,21. En um leið gat gjaldkeri þess, að ýmsar skuldir félagsins væri enn óborgaðar, og væri sér ekki að fullu kunnugt um þær, en gerði ráð fyrir að þær væru kr. 970,71.

Formaður skýrði frá næst all ítarlega frá leikjum, störfum og hag félagsins á yfirstandandi ári. Gat þess og, að Bertelsen dansari hefði eigi komið eins og ráð var fyrir gert og kæmi heldur eigi í ár. Ennfremur lýsti form. yfir því, að ekkert myndi að svo stöddu verða úr húsbyggingu félagsins hér í bæ, sem ráðgerð hefði verið og Leikfélagið hefði einnig verið í bollaleggingunum um.

Þorv. Þorv. lýsti nokkurri óánægju með val á stykkjum, hlutskiptum og notkun á leikkröftum fél. á yfirstandandi ári og spunnust út úr því nokkurar umræður.

Borgþór Jósefsson hreyfði því, að nauðsyn væri á að fylgja betur fram æfingunum og beita stranglegar fyrirmælum laganna ~~ff~~ um reglu og aðhald en gert hefði verið hingað til. Tóku síðan nokkrir fleiri til máls um þetta efni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt til að gengið væri til atkv. um reikningsins-samþ. Var síðan reikningurinn samþyktur með öllum greiddum atkvæðum.

Að því búnu fór fram stjórnarkosning:

Formaður endurkosinn Árni Eiríksson með 13 atkv.

Gjaldkeri endurkosinn Kr. Ó. Þorgrímsson með 12 atkv.

Ritari endurkosinn Jón Jónsson með 13 atkv.

Varastjórn endurkosin í e. hlj.

Endurskoðunarmenn endurkosnir í e. hlj.

Launanefnd endurkosin í e. hlj.

Fleira var eigi til umræðu.

Fundi slitið.

Árni Eiríksson

J. Jónsson.

Aukafundur var haldinn í Leikfél. Rvkr. hinn 27. nóv. 1906 kl. 9¼ síðd.

Var lesið upp og tekið til umræðu bréf frá frk. Gunnþ. Halldórsdóttur þess efnis, að með því að hún

af samtali við formann hafi séð fram á, að fjelagið ætlaði sér eigi að nota leikkrafta sína í vetur, þá vildi hún mælast til að fundur yrði kallaður saman til að úrskurða um lausn hennar úr fjelaginu.

Formaður skýrði frá því, að hann eftir samráði við meðstjórnendur sína og instruktör hefði leitað til við hana um hluttöku í leikjum fjelagsins í vetur og með hverjum ummælum. Frk. Guðm. skýrði síðan að sínu leyti frá samræðum þeirra, og nokkuð á annan veg.

Út úr þessu spunnust nokkrar umræður og snerust þær mest um það, hvort fundurinn hefði löglega heimild til að gera úrskurð í þessu máli að svo stöddu. Kom fram svohljóðandi tillaga frá einum fjelagsmanni:

„Fundurinn álítur sig ekki færan, samkvæmt lögum fjelagsins, til að gefa jungfrú Guðm. Halldórsdóttur þær undanþágur, sem hún hefur farið fram á að sér verði veittar".

Tillagan var samþ. með 10 atkv. gegn 3.

Form. gerði fyrirspurn um, hvort fjelagsmenn vildu að fundur væri kallaður saman á ný til að gera þá breytingu á lögum fjelagsins, er nauðsynleg væri til þess að úr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

elit fengist í málinu, og var það samþykt með öllum þorra atkvæða.

Fleira eigi til umr. Fundi slitið.

Árni Eiríksson  J. Jónsson.

Aðalfundur „Leikfjelags Reykjavíkur“ var haldinn í Iðnaðarmannahúsinu sunnudaginn 9. júní 1907 kl. 8½ síðdegis.

Fundarbók frá 2 síðustu fundunum lesin upp og samþykkt.

Formaður skírði frá hversvegna auka=fundur sá, er síðasta fundarbók getur um, hafi eigi verið haldinn.

Gjaldkeri las upp reikning yfir tekjur og gjöld fjelagsins síðastliðið leikár. Innkomið á leik=kvöldum Kr. 7629.50, en alls námu tekjurnar ~~alls~~ Kr. 9733.85. Í sjóði voru Kr. 499.87. Reikn=ingurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var gengið til kosninga á starfsmönnum fjelagsins og voru þessir kosnir:
Árni Eiríksson, formaður með 11 atkv.
Kristján Þorgrímsson, gjaldkeri með 10 "
Jens B. Waage, ritari með 8 "
Helgi Helgason, varaformaður með 11 "
Borgþór Jósefsson, varagjaldkeri með 9 "
Viðfinnur Guðjónsson varaskrifari með 7 "
Endurskoðendur voru kosnir:
Indriði Einarsson, og
Sigurður Jónsson, báðir með öllum greiddum atkv.
Í ?laumanefnd með leiðbeinara voru kosnir
Einar Hjörleifsson og
Sigurður Jónsson, báðir með öllum greiddum atkv.
Úrsögn var upplesin frá Jóni Jónssyni sagnaritara og Guðþórunni Halldórsdóttur; var ~~ekki~~ þó ð úrsagnir teknar til greina.
Formaður gat þess, að ~~hr~~ danskennari Bertelsen væri nú kominn til bæjarins til þess að kenna dans og að stjórnin gerði það að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinni tillögu að fjelagið greiddi honum úr sjóði sínum 100 kr., gegn því að hann veitti tilsögn í dans þeim af leikfjelagsmönnum er þess óskuðu eða öðrum, er leikfjelagið tilnefndi ~~sá~~ formaður fjelagsins benti á. Skyldir þeir, er þátt taka í dansinum greiða helming úr eigin vasa til móts við fjelagið. Tillaga þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Árni Eiríksson / Jens B. Waage.

Aðalfundur leikfjelags Reykjavíkur var haldinn þriðjudagskvöld kl. 9 síðdegis þ. 7 dag júlímánaðar 1908 í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík.

Fundarbók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Samkvæmt fundarboðinu var fyrst gengið til atkvæða um umsókn Páls Steingrímssonar um upptöku í fjelagið og var um-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sókn hans samþykkt með öllum atkvæðum.

Þareð gjaldkeri fjelagsins, Kristján Þorgrímsson var eigi á fundinum, las annar endurskoðandi fjelagsins, Indriði Einarsson revisor, upp yfirlit yfir tekjur og gjöld fjelagsins á umliðnu ári. Tekjurnar námu samtals Kr. 12923.00; þaraf er innkomið fyrir leiki á ~~árinu~~ leikárinu Kr. 9154.50. Í sjóði í árslok reikningsársins eru nú Kr. 95.05. Reikningar gjaldkera voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Einnig var samþykkt tillaga endurskoðenda um að endurborga gjaldkera 50 aura, er honum hafði eigi tekist að innheimta hjá Meyvant Hanssyni og skuld var fyrir aðgöngumiða.

Önnur tillaga frá endurskoðanda, I. E. um að strika út 4 Kr. skuld hjá Gísla Guðmundssyni fyrir árstillög var tekin aftur.

Úrsögn úr fjelaginu frá úrsmið Magnúsi Benjamínssyni var lesin upp og tekin til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greina; sömuleiðis úrsögn frá jungfrú Lauru Indriðadóttur.

Formaður fjelagsins gaf þessu næst skýringar á ýmsum liðum reikningsins

Þá var gengið til kosninga á starfsmönnum fjelagsins og hlutu þessir kosningu:

Árni Eiríksson formaður með 12 atkv.
Kristján Þorgrímsson gjaldkeri " 12 "
Jens B. Waage, skrifari " 14 .
Helgi Helgason, varaform. " öll gr. atkv
Borgþór Josefsson, varagjaldkeri " " " "
Friðfinnur Guðjónsson, varaskrifari " " " "

Endurskoðendur voru kosnir
Indriði Einarsson, og
Sigurður Jónsson

Í launanefnd voru kosnir:
Einar Hjörleifsson, og
Sig. Jónsson

Umræður urðu nokkrar um leikrit, er Lýða þótti að leika á komandi leikári,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en engar ákvarðanir voru þó þarum teknar.

Fundi slitið.

Árni Eiríksson / Jens B. Waage

Aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur fyrir leikárið 1908-1909 var haldinn í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík þriðjudaginn 29. júní 1909 kl. 9 síðdegis.

Fundarbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Gjaldkeri lagði fram ársreikninginn, las upp samanburð á ýmsum liðum reikningsins nú og árið á undan og gat þess þará meðal annars að tekjurnar hefðu alls numið 11947 kr. þaraf hefðu innkomið fyrir leiki 8955 krónur; í sjóði voru nú 107 kr. 75 aura. Skuld fjelagsins við Landsbankann er nú 200 kr. í stað 300 kr. ~~[illegible]~~ í lok leikársins 1907–1908. Því næst voru upplesnar athugasemdir endurskoðendanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur þeirra voru að reikningur~~inn~~ gjaldkera væri samþykktur, en að þó væri fyrst strikaðar út skuldir þær, sem Gísli Guðmundsson, Gísli Jónsson og Valdemar Ottesen væru í við fjelagið og þeir strikaðir út af meðlimaskrá fjelagsins. Tillögur þessar voru samþykktar og reikningurinn því næst samþykktur í heild sinni.

Var þá gengið til kosninga og hlutu þessir kosningu:

formaður: Árni Eiríksson með 16 atkv.
gjaldkeri: Kristján Þorgrímsson " 21 "
ritari: Jens B. Waage " 19 "

Varastjórn var endurkosin með öllum greiddum atkvæðum, sömuleiðis endurskoðendur og launanefnd.

Fundi slitið

Árni Eiríksson / Jens B. Waage

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur leikfjelags Reykjavíkur fyrir
leikárið 1909 - 1910 var haldinn í Iðnaðarmanna-
húsinu 26 dag júlímánaðar 1910. Formaður
Árni Eiríksson setti fundinn, en
skrifari las upp fundarbók frá síðasta
fundi, er var samþykkt.

Formaður fór nokkrum orðum um
hag fjelagsins, en gjaldkeri lagði ~~upp~~ fram
ársreikninginn og las upp úr honum ymsa
liði. Tekjurnar höfðu numið alls 8705 K. 50,
en gjöldin 8705 Kr. 31 eyr. Í sjóði voru 0.29 K. en
skuldir átti fjelagið útistandandi 4 Kr. Hvorki
formanni nje gjaldkera var kunnugt um
að fjelagið skuldaði neitt. Reikningurinn
var samþ. m. öll. gr. atkv.

Formaður skýrði frá því, að stjórn Iðn-
aðarmannahússins hefði sagt upp öllum
samningum við leikfjelagið um lán á
leikhúsinu.

Þá var tekið til að kjósa stjórn fjelagsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hlaut Jens B. Waage 9 atkv. til formannskosningar, en lýsti því yfir, að hann gæti ekki tekið að sjer það starf, meðan svo stæði á fyrir fjelaginu, að allt væri á reiki um ráð. Með tilliti til þessa alls, að ~~samn~~ hússamningnum var sagt upp, engin ný stjórn kosin og jafnframt komið til tals, að hugsanlegt væri, að fjelagið ætti kost á nýju húsrúmi, þá var það ráð tekið að fresta fundinum uns einhver breyting eða vissa fengist um þessi mál

Fundi frestað.

Árni Eiríksson

Framhald aðalfundar var haldið kl. 9 þ. 30. ágústmán. 1910.

1. mál á fundarskrá var upptökubeiðni frá Hjálmtý kaupm. Sigurðssyni. Var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upptökubeiðnin sþ. með 11 atkv.
Samningar höfðu eigi enn tekist við stjórn Iðnaðarmannahússins og var því líkfjelagsstjórninni falið það mál að öllu leyti

Þá var vakið máls á því, hvort ekki mundi hyggilegt, að breyta líkfjelagslögunum í þá átt, að ábyrgð fjelagsmanna væri takmörkuð og sþ. að formaður skipaði 3ja manna nefnd, til að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar í þessa átt. Skipaði formaður í nefndina: Indriða Einarsson, Stefán Runólfsson og Friðfinn Guðjónsson

Stjórnarkosningu og þarmeð framhaldi aðalfundar frestað.

Fundi slitið
Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhald af aðalfundi var haldið miðvikudagskvöldið kl. 9 þann 21. Sept. 1910.

Form. skýrði frá að úr hinni fyrirhuguðu líkhúsbyggingu gæti ekkert orðið á þessu ári, ýmsra orsaka vegna. Hann kvað nú samninga geta tekist um Iðnaðarmannahúsið, þannig: að leikfélagið skuldbindi sig til að leika 30 kvöld og borgaði 30 kr. á kvöldi; samningurinn bindi að eins fyrir 1 ár, því væntanleg yrði breyting á húsinu eftir þann tíma. Tillögum um lagabreytingar og húsmál frestað.

Kosin ný stjórn, og í hana: Form. Jens Wåge með 15 atkv., gjaldk. Kr. Þorgrímsson með 12 atkv. og skrifari Fr. Guðjónsson, með 6 atkv. Vara stjórn: Helgi Helgason, Borgþ. Jósepsson og Stefán Runólfsson. Endurskoðendur Sig. Jónsson og Indriði Einarsson endurkosnir með lófaklappi. Fundinum síðan frestað til næstkom. sunnudags

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kl. 5 síðdegis.

Jens Kwaage  Frið. Guðjónsson

Sunnudag 25. sept. kl. 5 síðdegis var aðalfundinum haldið áfram í Iðnaðarmannahúsinu, 18. á fundi. Fundarbók lesin upp og undirskrifuð. Lagabreytinganefndin lagði fram tillögur sínar. Skýrði formaður nefndarinnar frá aðalbreytingunum og las síðan tillögurnar upp í heild sinni.

Lagabreytingarnar voru ræddar töluvert og loksins samþyktar flestar.

Leikfélagsstjórninni var falið að undirskrifa leigusamning við stjórn Iðnaðarmannafélagsins.

Fleira eigi tekið fyrir.
Fundi slitið.

J. Kwaage

Frið. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur fyrir árið 1910-1911, var haldinn í Iðnaðarmannahúsinu föstudaginn 18. ágúst kl. 9 síðdegis.

Fundinum stýrði form. fél. Jens B. Wage.

Fundarbók upplesin og samþykt.

Lagður fram endurskoðaður reikningur fyrir árið 1910-1911.

Tekjur höfðu alls numið 9.782 kr. og 25 aurum, en gjöldin 9.473 kr. og 46 a. Í sjóði voru 309 kr. og 8 aurar.

Reikningarnir voru samþyktir með öllum greiddum atkv.

Úrsagnir voru lagðar fram frá Sigurði Jónssyni kennara, Guðm. Magnússyni prentara og Guðrúnu Sigurðardóttur og voru þær allar teknar til greina. Guðm. Tómasson læknir var strykaður út af meðlimaskrá, þar eð hann er sagður alfluttur burt úr bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var greitt atkvæði um inntöku Herberts Sigmundssonar og hún samþ. með öllum atkv.

Formaður skýrði frá, að undirtektir Iðnaðarmannafélagsins um breytingar á húsinu, hefðu orðið þær, að á næsta leigutímabili yrði engin breyting gerð hvorki á áhorfendasvæði eða víðar í húsinu.

Formaður gaf ýmsar upplýsingar viðvíkjandi innlagningu ljóss á leiksviðið.

Stjórn félagsins var endurkosin fyrir næsta leikár og sömuleiðis varastjórnin.

Endurskoðendur voru kosnir þeir kpm. Hjálmtýr Sigurðsson og Indriði Einarsson skrifstofustjóri.

Þá kom fram tillaga frá Árna Eiríkssyni svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að fela stjórninni
„að gera samning um að gasljós verði
„lagt inn á leiksviðið og í búningsher-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„bergin, með svo hagkvæmum kjörum
„sem unt er, helst þannig, að kostn-
„aður við það, megi greiðast á 2
„árum." Þessi tillaga var samþykt
í einu hljóði.

Fleira var eigi til umræðu og var
síðan fundi slitið.

Jens B. Waage. Frið. Guðjónsson

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur fyrir
árið 1911 og 1912, var haldinn laugardaginn
27. Júlí í Iðnaðarmannahúsinu. Fundinum
stýrði formaður félagsins Jens B. Våge.

Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin
og undirskrifuð.

Voru því næst reikningar félagsins
fyrir umliðið ár lagðir fram endurskoð-
aðir, til samþyktar.

Tekjur á árinu höfðu alls numið 9082.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en gjöldin orðið 12358.35 kr.
Í sjóði voru 18 kr. 48 aurar.

Reikningarnir voru samþyktir með öllum atkvæðum.

Úrsögn kom frá ungfrú Þuríði Sigurðardóttir, og var hún tekin til greina.

Í tilefni af umræðum um hag og fyrirkomulag fèlagsins á næsta leikári kom fram svohljóðandi tillaga frá Árna Eirikssyni:

„Jeg legg til, að skipuð sè af formanni 3 manna nefnd, og er 1. maðurinn og formaður nefndarinnar, formaður fèlagsins.“

Tillagan var samþykt, og skipaði form. þegar í nefndina:

Kristján Þorgrímsson
Árna Eiríksson
Helga Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Friðfinn Guðjónsson
Stefaníu Guðmundsdóttur
Guðrúnu Indriðadóttur
Skyldi nefndin hafa lokið starfa sínum svo fljótt sem unt væri, og var fundinum frestað um óákveðinn tíma.

— " —

Þann 4. september sama ár var aðalfundi Leikfélagsins haldið áfram. Skýrði þá nefndin frá störfum sínum og frá ~~að~~ niðurstöðu þeirri er hún áleit heppilegasta fyrir félagið eins og nú stæði.

Umræður urðu töluverðar um ýms atriði, en að lokum samþykti fundurinn eftirfarandi tillögur með þeim atkvæðum er hér segir:

1. Að hr. Einar Hjörleifsson sé ráðinn leiðbeinari félagsins á í höndfarandi leikári með alt að 550 króna launum
   Samþ. með 12 atkv. gegn 1. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Að formanni leikfélagsins séu greiddar 10 kr. fyrir hvert kvöld sem leikið er á leikárinu, og í sambandi við það, farið fram á að aðgreina starf hans frá leiðbeinara, þannig, að hann (form.) hafi á hendi útbúnað leiksviðsins og leikenda sérstaklega.

Tillaga þessi var samþykt í einu hljóði. Stjórn fél. endurkosin í einu hljóði og sömul. varastjórn og endurskoðendur.

Um upptöku í félagið sókti hr. Magnús Ólafsson frá Ísafirði, og var hann samþyktur með 6 atkv. gegn 1 atkv.

Fleira var eigi gjört á fundinum

Fundi slitið

Jens B. Waage Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 13. september 1913, kl. 9 síðdegis, var aðalfundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Iðnaðarmannahúsinu, niðri, og stýrði honum formaður fjelagsins, Jens B. Waage. Ritari var forfallaður, og gegndi vararitari því ritarastörfunum.

Upptökubeiðni kom frá Jakob Möller, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Gjaldkeri fjelagsins, hr. Kr. Þorgrímsson, las upp reikninga fjelagsins fyrir leikárið 1912–1913, og bar tekjurnar og gjöldin lið fyrir lið saman við tekjur og gjöld næsta leikárs á undan.

Tekjur af aðgöngumiðum höfðu orðið á leikárinu kr. 9047,25 í peningum, skrifaðar 673,50

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En tekjur fjelagsins, alls, að meðtöldum landsjóðsstyrk og lánum kr. 13604,23

Útgjöld höfðu alls numið kr. 13,474,51

Útistandandi skuldir voru kr. 69,50.

Sjóði hjá gjaldkera kr. 129,72.

Skuld fjelagsins 1,135,74

Á síðasta aðalfundi höfðu þeir Hjálmtýr Sigurðsson og Indriði Einarsson verið kosnir endurskoðunarmenn, en vegna misminnis gjaldkerans hafði hann falið þeim Indriða Einarssyni og Bergþór Jósefssyni að endurskoða reikninga fjelagsins. Höfðu þeir ekkert fundið athugavert við þá.

Tillaga kom fram um það, að fjelagið tæki þessa endurskoðun gilda, þótt skift hefði af vangá um annan endurskoðandann,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þó þannig, að Hjálmtýr hefði enn rjett til þess, að endurskoða reikningana og koma með athugasemdir við þá.

Tillagan var samþykkt.

Því næst voru reikningarnir bornir undir atkvæði, og samþykktir í einu hljóði.

Þá var gengið til kosninga á stjórn fjelagsins fyrir leikárið 1913–1914.

Jens B. Waage lýsti yfir því, að hann tæki ekki móti endurkosningu.

Kosningar fóru þannig:

Formaður var kosinn Árni Eiríksson með 8 atkv. – Jens B. Waage fjekk 4 atkv.

Gjaldkeri var endurkosinn Kr. Þorgrímsson með 13 atkvæðum. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herbert Sigmundsson fjekk 1 atkv.

Ritari var endurkosinn Friðfinnur Guðjónsson með 5 atkvæðum. — Næstur honum fjekk Helgi Helgason 4 atkvæði.

Því næst var varastjórn kosin:

Varaformaður endurkosinn Helgi Helgason,

Varagjaldkeri endurkosinn Borgþór Josefsson og

Vararitari endurkosinn Stefán Runólfsson — allir í einu hljóði.

Endurskoðunarmenn voru kosnir:

Indriði Einarsson með 14 atkvæðum og

Páll Steingrímsson með 5 atkv.

Hinn nýkosni formaður, Árni Eiríksson, tók þá við fund-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

arstjórn. Þakkaði hann fundinum traust það, er hann hefði sýnt sjer með því að kjósa sig í þessa stöðu; kvaðst hann taka við henni með hálfum huga, því að sjer væri það fyllilega ljóst, að það væri meiri vandi en vegsemd að gegna henni. #

# Því næst talaði hann nokkuð um hag fjelagsins og framtíðarhorfur. Kr. Þorgrímsson kvaðst búast við, að hinn nýji formaður mundi bráðum halda fund aftur, og því ekki ástæða til að taka fleiri mál fyrir á þessum fundi; en kom með tillögu um að þakka fyrrverandi formanni fyrir góða stjórn. – Samþ. með lófataki.

Það kom í ljós undir umræðum á fundinum, að sumir fjelagsmenn voru ekki vel kunnugir gildandi lögum fjelagsins, hjeldu, að sum ákvæði eldri laga væru enn í gildi; en mundu lítt eftir lögum þeim, sem samþykkt voru 25. sept. 1910, og nú eru hin einu gildandi lög.

Lögin voru því lesin upp, og síðan athugað nokkuð.

Rætt var um það, hvort skipa skyldi nefnd til þess að semja reglugerð fyrir leikendur á æfingum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leiðsvöldum, og varð niðurstaðan af umræðunum sú, að mjög vafasamt væri, hvort slíkar reglugerðir gerðu nokkurt gagn.

Aftur á móti hölluðust rætumenn að því, að nauðsynlegt mundi vera, að skipa nefnd manna til þess, að íhuga lögin og koma með breytingartillögur við þau.

Tillaga kom frá Kristjáni Þorgrímssyni um þriggja manna nefnd, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Formaður fjelagsins skipaði þá þessa í nefndina:

Einar Hjörleifsson, er vera skyldi formaður nefndarinnar,

Kristján Þorgrímsson og

Pál Steingrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herbert Sigmundsson skaut því
til formannsins, að fara þess á
leit við Iðnaðarmannafjelagið —
eða húsnefndina — að gera eitt-
hvað til þæginda fyrir leikendur
eða áhorfendur.

Formaður lofaði því.

Því næst sagði formaður aðal-
fundi frestað um óákveðinn tíma,
eða þar til laganefndin hefði
lokið starfi sínu.

Vararitari
Stef. Run.

Árni Eiríksson

Ár 1914, sunnudaginn 7. júní var aðalfundur
settur og haldinn í Iðnaðarmannahúsinu.
Fundinum stýrði formaður félagsins herra
Árni Eiríksson. 19 félagsmenn voru mættir.
Var fyrst lesin upp fundargjörð frá síðasta
aðalfundi og hún samþykt með öllum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiddum atkvæðum. Formaður gat þess, að nefnd sú, er skipuð hefði verið til að íhuga lög fjelagsins, og átt hefði að ljúka starfi sínu fyrir aðalfund, hefði enn eigi gert neitt.

Þá las gjaldkeri upp reikning yfir tekjur og gjöld fjelagsins á umliðnu starfsári og bar saman hina ýmsu liði á fyrra árs og þessa árs reikningi.

Tekjur af aðgöngumiðum voru:

1. Borgað í peningum Kr. 9467.50
2. Skrifaðir aðgöngumiðar " 508.25 = 9975.75

Tekjur alls að meðtöldum landsjóðsstyrk kr. 15001.01.

Útgjöldin höfðu alls numið kr. 14982.41

Útistandandi skuldir voru kr. 85.75.

Þar af ákvað fundurinn að stryka út kr. 25.75

Í sjóði voru kr. 18.60.

Fjelagið skuldaði Landsbankanum 700 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá endurskoðendum reikninganna þeim herrum Indriða Einarssyni og Páli Steingrímssyni komu engar athugasemdir við reikning gjaldkera, en með reikningnum lögðu þeir fram ítarlegt yfirlit yfir árin 1907-1914 um samanburð á ýmsum tekju og útgjaldaliðum, er bar með sér, hve félaginu hefir smátt og smátt tekist að fikra sig uppávið með auknum tekjum af aðgöngumiðasölu. Eftirfarandi fjórar tillögur lögðu þeir einnig fyrir fundinn og voru þær bornar upp til atkvæða og samþyktar.

1. að tekjur fyrir ársmiða séu framvegis taldar með tekjulið VI. „Innkomið á leikkvöldum".
2. að formanni sé framvegis launað með fastri upphæð 180 kr. + 2% af „Innkomið á leikkvöldum".
3. að stjórnin geri sitt ítrasta til að fá styrkinn til félagsins hækkaðann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. að gjaldkera sé gefin kvittun fyrir reikningunum 1913-1914.

Reikningarnir þar næst samþyktir og gjaldkera veitt kvittun fyrir.

Formanni félagsins sýndur þakklætisvottur fyrir vel unnið starf, með því að fundarmenn stóðu upp.

Þá var kosin stjórn fyrir komandi leikár
Árni Eiríksson endurkosinn formaður með 16 atkv.
Gjaldkeri Kristján Þorgrímsson endurkosinn með 18 atkv.
Skrifari Friðfinnur Guðjónsson með 14 atkv.
Ýmsir fengu 1 og 2 atkv.

Varastjórn endurkosin:
Helgi Helgason, Borgþór Jósefsson og Stefán Runólfsson.

Endurskoðendur Indriði Einarsson og Páll Steingrímsson endurkosnir með lófataki.

Úrsögn kom frá Magnúsi Ólafssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og var hún tekin til greina.

Ýmsir fundarmenn mintust á, að áhorfendasalurinn í leikhúsinu væri gjörsneiddur öllum þægindum fyrir leikhúsgesti, og í tilefni af því fór gjaldkeri félagsins konsúll Kristján Þorgrímsson nokkrum vel völdum orðum um óþrifnað þann, er leikendur hefðu við að búa, bæði utan dyra við leikhúsið, og ennfremur á leið sinni til búningsherbergjanna, og færði að tölu sinni rök með ýmsum dæmum; engin ályktun var samt tekin í þessu efni.

Fleira var eigi fyrir tekið

Formaður þakkaði fundarmönnum komuna og sleit því næst fundinum.

Árni Eiríksson

Friðf. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, sunnudaginn 6. júní var aðalfundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnaðarmannahúsinu. Fundinum stýrði formaður félagsins hr. Árni Eiríksson.

Fundinn sóttu 18 meðlimir.

Fundarbók síðasta aðalfundar lesin upp og samþykt.

Fyrir fundinum lágu upptökubeiðnir frá Þorfinni Kristjánssyni prentara og frú Þóru Möller og voru þau bæði samþykt til inntöku.

Þá lagði gjaldkeri fram endurskoðaðan reikning yfir tekjur og gjöld félagsins fyrir leikárið 1914-1915, og bar saman ýmsa liði við fyrra árs reikning.

Tekjur voru:

a). Innkomið í peningum Kr. 9521.85

b). Skrifaðir aðgöngumiðar . " <u>567.05</u> = 10088.90.

Tekjur alls með landssjóðsstyrk Kr. 14029.55.

Gjöldin voru Kr. 14015.24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útistandandi voru tillög tveggja meðlima fyrir 5 ár að upphæð 50 krónur, og ákvað fundurinn að stryka þessa meðlimi út af meðlimaskrá og nema upphæðina burtu úr eftirstöðvum.

Endurskoðunarmenn höfðu gert athugasemd um vangoldna 25 aura frá bílætasala, en samkvæmt tillögu var ákveðið að þessi upphæð félli niður.

Reikningarnir voru því næst samþyktir og gjaldkera veitt kvittun fyrir.

Þá var kosin stjórn fyrir hið komandi leikár, og hlutu kosningu:

Formaður Kristján Þorgrímsson með hlutkesti, eftir að búið var að tvíkjósa með jöfnum atkvæðum, milli hans og Jakobs Möller.

Gjaldkeri Borgþór Jósefsson með 8 atkvæðum

Skrifari Friðfinnur Guðjónsson með 10 atkv.

Varastjórn kosin Helgi Helgason, Einar Björnsson, og Stefán Runólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðendur Indriði Einarsson og Páll Steingrímsson voru endurkosnir.

Að loknum kosningu sýndi fundurinn fráfarandi formanni þakklætisvott sinn með því að fundarmenn stóðu upp.

Ýmislegt var rætt um plássleysi fyrir eignir félagsins, sem nú eru geymdar í leikhúsinu og var talið æskilegt að hin nýkosna stjórn gerði eitthvað til að bæta úr því; í tilefni af þeim umræðum, lofaði hinn nýkosni formaður að sjá bráðlega fyrir betra húsnæði fyrir tjöld og því um líkt, Leikfélaginu að kostnaðarlitlu.

Að endingu þakkaði formaður fundinum fyrir það traust er sér hefði verið sýnt verið með kosningunni og óskaði góðrar samvinnu við alla starfsmenn félagsins, og sleit því næst fundi.

Friðf. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 27. september var haldinn aukafundur í Leikfélagi Reykjavíkur.

Fundurinn var boðaður og haldinn í tilefni af fráfalli formanns félagsins Kristjáns sál. Þorgrímssonar og til að kjósa formann í hans stað. Varaform. Helgi Helgason minntist hins látna með nokkrum orðum, og sýndu fundarmenn hluttekning sína með því að standa upp.

Var síðan gengið til atkvæða um kosningu formanns og hlaut hr. bankaritari Jakob Möller kosningu með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira var eigi gjört. Fundi slitið.

Jakob Möller

Friðf. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916 hinn 29. júní kl. 9 síðd.
var aukafundur haldinn í Leikfjelagi
Reykjavíkur. Var hann í Iðnaðarmanna-
húsinu. Á fundarboði hafði verið tilkynnt,
að fundurinn ætti að vera til undirbún-
ings aðalfundi.

Á fundinum mætti allur þorri fje-
lagsmanna.

Formaður skýrði frá því, að fund-
arefnið væri ~~það~~ að reyna að koma
sjer saman um það, hvern velja skyldi
til formanns fjelagsins næsta leikár.
Höfðu flestir þeir, er tiltækilegir þóttu,
látið ótvírætt í ljós, að þeir væru
ófáanlegir til að takast það starf
á hendur, og báru flestir við ann-
ríki við önnur störf. Á fundinum
tókst þó loks að fá hr. Einar Hj. Kvaran
til að lofa því, að taka að sjer formanns-
störfin næsta ár, og voru allir á eitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sáttir um það, að með loforði þessu hefði vel ræzt úr vandræðum þeim, sem útlit hafði verið fyrir að fjelagið ætlaði að komast í, og tóku því með þögninni. Fleira eigi gert.

Fundi slitið.

Hinn 16. október 1916 var aðalfundur í Leikfjelagi Reykjavíkur settur og haldinn í Iðnaðarmannahúsinu kl. 9 síðd.

Fundarbók frá 27. sept. f. á. lesin og samþykkt.

Reikningur yfir tekjur og gjöld

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjelagsins á næsta leikár sökum fyrir.
Höfðu endurskoðendur athugað hann,
og ekkert verulegt fundið athugavert.
Las gjaldkeri upp reikningjum og bar
tekjur og gjöld til fyrir lið saman við
reikning fjelagsins næsta leikár á undan.

| | | |
|---|---|---|
| Í sjóði frá f. á höfðu verið | kr. | 14,31 |
| Árstillög fjelagsmanna | – | 110,00 |
| Innkomið alls fyrir selda aðgöngumiða | o.fl. | 15,614,07 |
| Styrkur úr landsjóði og bæjarsjóði | – | 2,700,00 |
| Tekjur samtals | Kr. | 18,438,38 |
| Útgjöld höfðu alls numið | Kr. | 18,447,11 |
| Skuld fjelagsins | – | 8,73 |

Útistandandi skuldir
Undir umræðum á fundinum kom
það í ljós, að tekjuhallinn hafði í raun-
rjettri orðið nokkru meiri en reikning-
arnir báru með sjer, en formaður hafði
dregið úr honum með því að gefa
eftir ca kr. 100,00 af kaupi sínu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldkeri hjelt langa og fróðlega ræðu, samanburð á kostnaði og tekjum ýmsra leika og leikkvölda mörg síðustu árin.

Formaður minntist á, að hann hefði tekið upp ~~nýjan sið~~ þá nýbreytni, að byrja leiki í aktoser-bermanati á gömlum stykkjum, og hefði sú nýbreytni gefist vel. Eins og sæist á reikningunum, hefði síðastl. vetur verið leikið 60 kvöld, og væri það þriðjungi meiri kvöldafjöldi en nokkurn tíma áður. Af þessum 60 kvöldum hefði verið leikið 54 kvöld fyrir fullt verð, en 6 kvöld fyrir hálfvirði (alþýðukvöld). Hann kvaðst og hafa tekið upp þá þá nýbreytni, að borga leikendum hálft kaup fyrir sum alþýðukvöldin, sem áður hefði ekkert verið borgað fyrir, en það skilyrði hefði hann sett leikendunum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þeir yrðu að greiða þá þóknun til fjelagsins aftur, ef fjárhagur fjelagsins krefðist þess í lok leikársins, enda hefði hann orðið að nota sjer það, og krefja nokkuð af þeirri uppbót, alls kr. 50,00, inn aftur, vegna tekjuhalla þess, sem orðið hefði á síðasta styrkinn.

Þá lá fyrir að kjósa stjórn fjelagsins fyrir næsta leikár, og skyldi fyrst kjósa formann.

Var stungið upp á Einari Hj. Kvaran, en hann kvaðst nú ómögulega geta tekið starfið að sjer. Væri nú langt um liðið síðan aukafundurinn hefði verið haldinn og margt breytt síðan, og vegna óvissunnar um starfsemi fjelagsins í vetur, hefði hann nýlega tekið að sjer annan starfa, svo tímafrekan,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hann gæti ekki bætt formannsstörfunum við sig.

Lagt var að þeim formanni Jakob Möller, Árna Eiríkssyni og Helga Helgasyni að taka að sjer formannsstarfið, en þeir svöruðu allir hinu sama, að þeim væri það gersamlega ómögulegt vegna annríkis við önnur störf.

Einar Hj. Kvaran stakk þá upp á því, að kosin yrði þriggja manna nefnd til þess að reyna að útvega formann.

Árni Eiríksson lagði til að nefndin yrði skipuð fimm mönnum.

Sú tillaga var samþykkt, og í nefndina kosnir:

Árni Eiríksson með 12 atkv.
Einar Hj. Kvaran — 12 —
Helgi Helgason — 11 —
Borgþór Josefsson — 10 —
Jakob Möller — 10 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skyldi nefndin ljúka starfi sínu svo fljótt sem auðið væri, og þangað til skýrsla hennar komi var

aðalfundi frestað.

Framhald aðalfundar í Leikfjelagi Reykjavíkur var haldið 26. nóvember 1916. Nefnd sú, sem kosin hafði verið 16. oktober, til þess að reyna að útvega formann, hafði starfað mikið, en lengi orðið lítið ágengt. Að lokum hafði hún þó komizt að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirri niðurstöðu, að reyna að fá einhvern eða einhverja til þess, að taka að sjer rekstur Leikfjelagsins þetta leikár fyrir eigin reikning og á eigin áhættu með landsjóðs og bæjar tillagi. Og eftir miklar bollaleggingar og langa íhugun hafði hr. <u>Jens B. Waage</u> loksins tekist þetta á hendur. – Samþykkt var, að leyfa honum að hækka verð aðgöngumiðanna um 25 aura hvern miða. – Frímiða til ritstjóra o.s.frv. yrði hann að láta eins og áður hefði tíðkast, bjóða þingmönnum eins og venja hefði verið, og um „Abonnement“ leikfjelagsmanna yrði hann að semja við stjórn fjelagsins. – Hann skyldi fá allar tekjur fjelagsins af leikkvöldum, en ekki tillög fjelagsmanna eða aðrar aukatekjur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Styrkinn úr landssjóði og bæjarsjóði skyldi hann og fá. Hann skyldi annast um allar framkvæmdir fjelagsins, og borga öll útgjöld þess. Um borgun til leikenda skyldi hann semja við leikendur. Gert var ráð fyrir, að gjaldkeri tæki á móti öllum tekjum fjelagsins, eins og áður, og greiddi allar þær upphæðir, sem framkvæmdarstjóri hefði ávísað. Yrði tekjuafgangur að leikárinu loknu, væri hann eign framkvæmdarstjóra, og yrði tekjuhalli, bæri framkvæmdarstjóra að greiða hann.

Var þá ekki annað eftir, en að kjósa stjórn fjelagsins, og var því gengið til kosninga.

Formaður var kosinn Jakob Möller með 9 atkv. – Helgi Helgason fjekk 2 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldkeri var kosinn Borgþór Jósefsson með 10 atkv.

Skrifari var kosinn Friðfinnur Guðjónsson með 9 atkv.

Varastjórnin, Helgi Helgason, Einar Björnsson og Stefán Runólfsson, endurkosin með lófaklappi.

Endurskoðendurnir, Indriði Einarsson og Páll Steingrímsson, endurkosnir með lófaklappi.

Fleira eigi gert

Fundi slitið

Hinn 15. ágúst 1917, var aðalfundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Mættir voru 8 félagsmenn. Þessi mál komu til umræðu og úrslita:

1. Gjaldkeri lagði fram reikning yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

starfrækslu félagsins síðastliðið leik-
ár. Tekjur höfðu alls numið 17.764.35
Herra Jens B. Wäge, sem hafði starfrækslu
félagsins á hendi fyrir sinn reikning,
hafði ritað á reikninginn viðurkenning
um að ekkert væri við hann að athuga.
Ennfremur lagði gjaldkeri fram sérstakan
reikning yfir tekjur og gjöld Leikfélags-
ins á sama tíma, sem hefir inni að
halda tillög félagsmanna og ~~borgun~~ tekjur
fyrir afskriftir af leikritum. Í sjóði
átti félagið kr. 106.40.

Nokkrar umræður urðu um það,
hvort, hinir kosnu endurskoðendur fé-
lagsins eigi að endurskoða starfrækslu-
reikninginn á sama hátt og gert er
þegar félagið rekur leikina fyrir
eigin reikning. Að lokum samþykti
fundurinn að láta endurskoða reikn-
inginn á venjulegan hátt og geyma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~þá~~ hann síðan í vörslum félagsins sem aðra starfsreikninga.

Þá var gömlu stjórninni falið að leita fyrir sér um formann fyrir næsta ár og í tilefni af því, var aðalfundinum frestað.

21. ~~okt~~ ~~sama~~ sept. mánaðar var aðalfundinum haldið áfram og gaf þá stjórnin skýrslu um niðurstöðu þá, er hún hafði komist að milli fundanna, sem í aðalatriðum var þannig að félagið réði framkvæmdastjóra til að halda leikjunum uppi fyrir félagsins reikning og að stjórnin eða formaður hennar hafi óbundnar hendur hvað kaupgjald til starfsmanna og leikenda snertir. Á þetta félst fundurinn með samhljóða atkvæðum.

Frú Stefanía hreyfði því, hvort félagið sæi sér ekki fært að leika til ágóða fyrir Jóhann Sigurjónsson skáld, áður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en „Fálkinn“ færi næstu ferð til útlanda. Um þetta urðu engar umræður, en formaður lofaði að taka þetta til íhugunar.

Þá var kosin stjórn fyrir komandi ár, þannig:

Formaður Einar H. Kvaran með 10 atkv.

Skrifari Friðf. Guðjónsson " 8 "

Gjaldkeri Borgþór Jósepsson " 7 "

Varastjórnin endurkosin með lófaklappi, og sömuleiðis endurskoðendur.

Þá var lögð fram úrsögn frá Ólafi Ólafssyni, en í tilefni af henni, kom fram tillaga um að Leikfélagið kysi hann sem heiðursfélaga, og var það samþykkt í einu hljóði.

Ungfrú Emilia Indriðadóttir mintist á, að óviðeigandi væri að Leikfélagið lánaði búninga leikenda til grímudansleika o. fl. þessháttar. Stjórnin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lofaði að taka þetta til greina framvegis.

Með því að ekki lá fleira fyrir að ræða um, var fundi slitið.

Friðfinnur Guðjónsson
(ritari).

Hinn 15. dag júnímánaðar 1918, var aðalfundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur
Mættir voru 9 félagsmenn.

Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og undirskrifuð. Formaður félagsins Einar H. Kvaran byrjaði fundinn með því að minnast hins látna félaga bróður Árna sál. Eiríkssonar og tóku fundarmenn undir það með því að standa upp. Þar næst skýrði hann frá, að nauðsynlegt hefði verið að kalla nú saman aðalfund í félaginu, þó reikn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingar fyrir síðastliðið starfsár væru ekki tilbúnir að leggjast fyrir fundinn, fyr en seinna; en aðalatriðið væri, að félagið nú kysi stjórn fyrir næsta ár, ~~og~~ í henni svo falið að ráða framkvæmdarstjóra við leikina á sama hátt og síðastliðið ár. Einnig skýrði hann fundinum frá bréfaskriftum og viðtali sínu ásamt ~~og~~ hr. Indriða Einarssyni, við ráðuneytið og fjárhagsnefndir beggja deilda Alþingis, um aukinn styrk til félagsins í framtíðinni; hver svo sem árangur af þessu yrði, taldi hann nú réttast og alveg sjálfsagt, að félagið hjeldi uppi sjónleikum næsta vetur, og reyndi með sparsemi og gætni í vali á leikritum að komast yfir örðugleikana, þar eð undirtektir fjárhagsnefndarmanna gæfu von um, að félagið mætti á næsta reglulegu þingi eiga von á að fá styrkinn aukinn til muna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá fór fram stjórnarkosning, þannig:
Formaður: Einar H. Kvaran, með 10 atkv.
Skrifari: Friðfinnur Guðjónsson með 9 —„—
Gjaldkeri: Borgþór Jósefsson með 9 —„—
Varastjórn og endurskoðendur voru endurkosnir með lófaklappi.

Fundurinn heimilaði stjórninni að taka lán, alt að 2000 krónum, til að standast væntanlegan tekjuhalla á síðastliðnu leikári.

Í tilefni af að formaður félagsins hafði tilkynt ~~gefið~~ því ~~félaginu~~ eftirgjöf á ~~eftir~~ launaupphæð sinni fyrir síðastliðið ár, samþykti fundurinn í einu hljóði, að þakka formanninum fyrir vel unnið starf og ákvað að greiða honum þóknun hans óskerða

Þá samþykti fundurinn að veita stjórninni heimild til að ráða framkvæmdarstjóra til næsta árs.

Að endingu las formaður upp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

langt og ítarlegt skjal, sem samið
var af hr. Jens B. Wåge, um framtíðar-
skilyrði sjónleika hér í bæ. Skjalið
var stílað til formanns leikfélagsins
og var látið fylgja málaleitunninni
um styrkbeiðnina til þings og stjórnar
ásamt ágripi af reikningi síðasta árs.
Þar eð fleira var eigi að svo komnu hægt
að taka fyrir, var aðalfundinum frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudaginn 12. október 1919 var aðal fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur og þar lagður fram reikningur fyrir síðastliðið starfsár.

Fundurinn samþykti reikninginn eins og endurskoðendur höfðu gengið frá þeim, með öllum greiddum atkv.

Formaður tilkynti að húsaleiga yrði hækkuð uppí 65 kr. á kvöldi næsta vetur. Borgun fyrir ljós 1.50 hver kilóv.stund. Ákveðið að hækka verð aðgöngumiða um 50 aura.

Þá var stjórninni gefin heimild til að gera skrár til geymslu á tjöldum o. fl. eignum félagsins.

Samþykt var að selja ef hægt væri búninga o. fl. sem félagið ekki lengur hefir not fyrir.

Kosin stjórn fyrir næsta leikár:

Form. Einar H. Kvaran með 5 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ritari: Fr. Guðjónsson
Gjaldkeri: B. Jósepsson
Varastjórnin endurkosin
Sönnuleiðis endurskoðendur
Fundurinn gefur stjórninni heimild
til að ráða framkvæmdarstjóra fyrir
næsta leikár.
Fleira eigi gjört. Fundi slitið

Friðfinnur Guðjónsson
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, sunnudaginn 27. júní, var aðalfundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Fundinum barst upptökubeiðni frá bankaritara Ragnari Kvaran og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

Lesin upp úrsögn frá ungfrú Emilíu Indriðadóttir

Lagðir voru fram reikningar fyrir síðastliðið starfsár, en þar sem endurskoðendur höfðu ekki haft tíma til að endurskoða þá samþykkti fundurinn þá með fyrirvara.

Þá var kosin stjórn fyrir næsta ár.

Form. Einar H. Kvaran með 10 atkv.

Skrifari Friðfinnur Guðjónsson 9 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldkeri Borgþór Jósefsson með 9 atkv.
Varastjórnin endurkosin með öllum greiddum atkv.

Endurskoðendur sömuleiðis endurkosnir, með lófataki.

Stjórninni var gefin heimild til að ráða fram úr leikjum og gera væntanlega samninga við þá er vildu halda leikum áfram næsta leiktímabil.

Einnig var stjórninni heimilað að taka víxillán til greiðslu á mismun á reikningi félagsins o. fl. alt að 2500 kr.

Gjaldkera leyft að nema burt úr eftirstöðvum kr. 18.50 hjá ýmsum skuldunautum.

Í leiktjaldasjóðsnefnd var kosinn Helgi Helgason.

Fleira eigi gjört. Fundi slitið

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, sunnudaginn 2. október var aðalfundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Fundinum stýrði formaður félagsins Einar H. Kvaran.
Gjaldkeri skýrði í fáum orðum frá hag félagsins og taldist svo til, að aðrar skuldir en nálægt 70 kr. við Bókaverzlun Ísafoldar hvíldu ~~nú~~ ekki á félaginu. Þar eð leikirnir síðastliðinn vetur hefðu ekki verið reknir fyrir reikning félagsins, var enginn reikningur yfir rekstur leikanna lagður fram á fundinum. Samkvæmt samningum við þá leikendur, er héldu uppi leikunum í vetur, höfðu eignir Leikfélagsins þyrnað um c. 1600 kr. sem er andvirði húsgagna (sófa, 2 hægindastóla og 4 setustóla), ~~sem~~ en upphæð þessi hvíldi á félaginu á síðasta aðalfundi, og var borguð af rekendum leikanna á þessu ári. Á fundinum var mættur Dr. Alexander Jóhannesson og háf. hann umræður um það hve mikil afturför frá því áður það væri ef leikir legðust alveg niður í höfuðstaðnum í vetur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða um ófyrirsjáanlegan tíma. Benti á ef leikar fékki niður einn vetur, væri hætt við að leikendur tvístruðust, yrðu sei úti um aðrar aukaleikjur og umfremur féleistykkur hins opinbera nifur, og ekki auðvelt að fá hann aftur. Um þetta voru fundarmenn sammála. Eftir talsvert skraf fram og aftur varð niðurstaðan þessi, að fresta að kjósa stjórn, en fela gömlu stjórninni að komast eftir hjá Håkonsen eiganda Iðnó, með hvaða kjörum hann vildi leigja húsið í vetur, ef hann á annað borð væri fáanlegur til að leigja það til leika næsta vetur. Eftir að þetta hafði verið rætt var ákveðið að fresta fundi, þar til stjórnin hefði komist að einhverri niðurstöðu í húsmálinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsfundur var haldinn í félaginu 16. okt. 1921 til þess að ræða um væntanlega starfsemi Leikf. næsta vetur. – Engin ákvörðun var tekin og fundinum frestað enn í nokkra daga til þess að reyna fyrir sér um húsnæði fyrir fél., leikendur o. fl. — Tilboð hafði fundinum borist frá eiganda Iðnaðarmannahússins um leigu á húsinu til leika í vetur, en tilboðið var gersamlega óaðgengilegt, en munnleg orðsending fylgdi því um, „að eigi væri óhugsanlegt að komast mætti að viðunandi samningi um leiguna við eiganda Iðnaðarmannahússins.

Helgi Helgason

Páll Steingrímsson

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur var haldinn þriðjudaginn 26. sept. 1922, í Iðnó, mættir voru 8 félagar.

Fundinum stýrði varaformaður Helg. Helgason. – Fundarbók upp-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og samþykkt.
Um inngöngu í félagið höfðu sótt Óskar Borg, Ágúst Kvaran og frú Soffía Kvaran og voru þau samþykt.
Gjaldkeri lagði fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og gjöld leikársins. Í sjóði var kr. 91.88. Ennfremur reksturs-reikningur yfir sama. Skýrði hann ítarlega hina ýmsu liði reikninganna, urðu engar umræður um þá, en frestað var að greiða atkvæði um þá, þar til endurskoðendur hefðu gengið frá þeim.
Stjórnarkosning fór þannig að Helgi Helgason fékk flest (6) atkv., en skoraðist undan kosningu, og var þá kosið á ný og hlaut frú Guðrún Indriðadóttir kosningu sem formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðstjórnendur Borgþór Jósefsson og Friðfinnur Guðjónsson. Varastjórn Helgi Helgason, Stefán Runólfsson og Einar Björnsson. Endurskoðendur Ingvarð Einarsson og Páll Steingrímsson.

Ákveðið var að halda uppi leikunum næsta ár og reka þá undir nafni félagsins.

Fleira kom ekki til umræðu. Fundi slitið.

Helgi Helgason    Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1923

Sunnudaginn 7. októb. var aðalfundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. – 9 meðlimir voru mættir. Fundarbók síðasta fundar upplesin og samþykkt. Lagður fram endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld síðastliðins leikárs. Ógreidd skuld í Ísl. banka 2500 kr., en í vörslum gjaldkera voru 72.52 aurar.

Reikningarnir voru samþyktir í einu hljóði.

Þá var kosin stjórn fyrir næsta ár og hlutu kosningu:

Frú Guðrún Indriðad. form.

Borgþór Jósefsson gjaldkeri

Friðfinnur Guðjónsson skrifari

Varastjórn endurkosin. Sömuleiðis endurskoðendur þeir Indriði Einarsson og Páll Steingrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt tillögu er fram kom á fundinum, var samþykt að kjósa 3 menn í nefnd til að endurskoða lög félagsins. Í nefndina kosnir:

Páll Steingrímsson
Óskar Borg og
Helgi Helgason.

Þá var vakið máls á því að starf gjaldkera félagsins væri nú orðið svo umfangsmikið, að þóknun sú er hann hefði, mundi vera óhæfilega lág. Ákvað því fundurinn að færa þessa þóknun upp í 500 krónur á ári.

Út af tillögu frá Óskar Borg, þess efnis, að þeir geti ekki komið til mála sem leikarar í Leikfélagi Reykjavíkur, sem taki að sér hlutverk hjá keppinautum félagsins, urðu töluverðar umræður. And-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mæltu nokkrir fundarmenn þess-
ari tillögu. Sérstaklega var Frið-
finnur Guðjónsson andvígur henni
og áleit, með hliðsjón af því, sem
á undan var gengið að hún
væri stíluð gegn sér, þareð hann
ífyrra hefði leikið hlutverk í einu
leikriti samhliða því sem hann
lék hjá Leikfélagi Reykjavíkur.
Lýsti hann yfir því, að ef slík
ályktun yrði tekin mundi hann
ekki verða meðlimur Leikfélags-
ins og lagði hann fram úrsögn
úr félaginu. Ýmsir fundarmenn
létu það í ljósi að þeir væru ekki
viðbúnir að taka endanlega á-
kvörðun um þetta mál og var
því fundinum frestað til 11. s. m.
kl. 8 síðd.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. október var fundinum haldið áfram.

Lesið upp tilboð frá Hákonsen þar sem hann býður leigu á Iðnó með sömu kjörum og árið áður.

Þá var haldið áfram umræðum um tillögu Óskars Borg og var hún að lokum samþykt sem svohljóðandi fundarályktun:

„Aðalfundur ályktar, að þeir geti
„ekki komið til mála, sem leikarar
„í Leikfélagi Reykjavíkur, sem
„taka að sér hlutverk hjá keppi-
„nautum félagsins“. —

Samhliða þessu var samþykt tillaga frá Borgþór Jósefsson um að greiða Friðfinni Guðjónssyni 300 krónur — eða sem svaraði launum fyrir 12 kvöld — ef hann starfaði áfram hjá Leikfélaginu næsta leikár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá bar Indriði Einarsson fram beiðni um að lána glímufélaginu Ármann ýmsa muni til afnota við leikinn Hellismenn. Var þetta borið undir atkvæði fundarins og felt með 5 atkv. gegn 2.

Fleira lá ekki fyrir og var aðalfundinum slitið.

Friðfinnur Guðjónsson

Guðrún Indriðadóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. júní 1924, var aukafundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Fundarefni var málaleitun frá Dr. Guðbrandi Jónssyni, um að taka að sér rekstur leikanna á næstkomandi vetri, eða hafa samvinnu við félagið í þessu efni. Var hann mættur á fundinum og gerði grein fyrir fyrirætlunum sínum og því hvernig hann hefði hugsað sér þetta fyrirkomulag.

Fóru svo fram umræður um málið í við og dreif. Var stungið upp á að kjósa 3 menn af leikendum í nefnd til að athuga þetta og koma síðan fram með ákveðnar tillögur fyrir félagið. Kvað dr. Guðbrandur fús til að semja við nefnd þessa um kaup leikenda og fleira, ef til kæmi. Fór hann síðan af fundi.

Eftir allítarlegar bollaleggingar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var málið afgreitt með atkvæða-
greiðslu að viðhöfðu nafnakalli
sögðu

Nei:

Borgþór Jósefsson
Friðf. Guðjónsson
Stefán Runólfsson
Óskar Borg
Soffía Kvaran
Ágúst Kvaran
Guðrún Indriðad.
Páll Steingrímsson
Stefanía Guðmundsdóttir
Einar H. Kvaran
Indriði Einarsson greiddi ekki
atkvæði.

Friðfinnur Guðjónsson

Guðrún Indriðadóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 [1924 written above]. 7. september var aðalfundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Fundinn sóttu 9 meðlimir. Fundarbók frá síðasta fundi upplesin og samþykt.

Þá lagði gjaldkeri fram endurskoðaðan reikning yfir síðastliðið leikár. Las hann upp reikninginn og skýrði ítarlega hina ýmsu liði.

Tekjur höfðu orðið alls kr. 28021.50
Gjöldin höfðu orðið alls kr. 37655.71.
Skuldir hvíla nú á félaginu " 3500+986.44
eða alls kr. 4486.44.

Reikningarnir voru samþyktir í einu hljóði.

Útaf fjárhagsástæðum félagsins urðu nokkrar umræður og komu fundarmenn fram með ýmsar sparnaðarhugmyndir. Indriði Einarsson spurðist fyrir um hvort ekki mundi vera hægt að færa niður auglýsingakostnað, svo um munaði; því sér virtist sá kostnaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera óeðlilega hár, auglýsingarnar
of stórar o. s. frv. – Var upplýst af þeim
sem þessu máli voru kunnugir, að
auglýsingakostnaður mundi nema
hér um til 50 kr. á hvert leikkvöld.
Féllst fundurinn á, að sjálfsagt bæri
að athuga, hvort ekki mætti spara
nokkuð á þessum lið framvegis.
Þareð nokkrir fundarmenn þurftu
að fara af fundinum, var honum
frestað til næsta kvölds kl. 6 e. h.

104 Mánudag 8. september var fundin-
um haldið áfram. Til umræðu var
fjárhagurinn og framtíð félags-
ins. – Um þetta efni, tóku til máls:
Indriði Einarsson, Jakob Möller,
Óskar Borg og Borgþór Jósefsson
Í tilefni af þessum umræðum og
að þeim loknum, samþykti fund-
urinn eftirfarandi ályktun í 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

liðinn, samkvæmt tillögum frá Jakob Möller:

1. Fyrir áttunda leikkvöld hvers leiks, greiðist leikendum og aðstoðar-mönnum ekkert kaup.
2. Leikendur og aðstoðarmenn vinni kauplaust að alþýðusýningum á hverjum leik.
3. Kaup greiðist ekki leikendum og starfsmönnum, fyrir þau kvöld sem tekjurnar ekki ná fullum 500 kr.

Þá var kosin stjórn fyrir næsta leikár og var frú Stefanía Guðmundsdóttir kosinn formaður með 7 atkvæðum. Skrifari og gjaldkeri voru endur-kosnir. Sömuleiðis varastjórn og endurskoðendur

Út af umræðum um fundarályktun þá er gerð var ~~árið áður~~ síðastliðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ár, um þátttöku leikenda Leik-
félagsins í öðrum leikum, var sam-
þykt ~~svo~~ tiljáðandi breyting:
Í stað: á starfstíma Leikfélagsins
komi: samtímis leikum Leikfélagsins.

Fleiri mál voru eigi fyrir og
fundinum slitið.

Fridfinnur Guðjónsson

Indr. Einarsson
pt. fundarstjóri

110

14. nóv. sama ár, var aukafundur haldinn
á heimili formanns, Laufásvegi 5.
Mættir voru 7 félagsmenn.
Tilefni fundarins var að leita saman
ráð sín og ráða um, hvort nokkur mögu-
leiki væri til þess, að Leikfélagið gæti
fest kaup á Iðnaðarmannahúsinu,
þar eð núverandi eigandi þess, hr. Hå-
kansen, vildi selja, og kjörin, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

baðin væru, sýndust ekki vera mjög óaðgengileg. En alt strandaði á örðugleikanum að útvega peninga, þar eð það virtist koma fram í umræðunum, að það mundi erfiðleikum bundið fyrir Leikfélagið að fá til umráða nokkuð af því fé, sem inn væri komið í skemtanaskatt og væri í höndum ríkisstjórnarinnar.

Urðu dálitlar umræður um þetta fram og aftur og var að lokum kosin 3 manna nefnd til að tala við eiganda „Iðnó" og halda málinu vakandi og skýra síðan félaginu frá hvað gerðist. Í nefndina voru kosnir:

Óskar Borg
Helgi Helgason og
Páll Steingrímsson.

Var síðan fundi slitið.

Indr. Einarsson

Friðfinnur Guðjónsson
p.t. fundarritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 28 Júlí 1925. kl 8½ síðdegis. var aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur settur og haldinn í Iðnaðarmannahúsinu.
Mættir voru 10 fjelagar.

Formaður bað afsökunar á því, hve aðalfundur væri seint boðaður, en drátturinn stafaði af því, hve afarseint hefði gengið að ná inn reikningunum til fjelagsins. hefðu margir reikningar ekki komið fyr en nú í Júlí, og því ekki verið hægt að ljúka fyr en þetta við reikninga fjelagsins.

Um upptöku í fjelagið sóttu ungfrú Anna Borg og hr. Kristján Albertsson, og voru þau samþykkt. Skýrt var frá, að Indriði Waage hefði verið að gjöra ráð fyrir að ganga í fjelagið, en væri nú fjarverandi úr bænum, og hefði enga upptökubeiðni sent. Indriði Einarsson flutti boð frá honum um að hann gæti eins tekið þátt í leikum, og væri jafn fús til þess, þótt hann gengi ekki í fjelagið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðasta starfsár.

Tekjurnar skiftast þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árstillög - - - - - | | kr. | 70.00 |
| Fatageymsla | | „ | 1218 50 |
| Aðrar tekjur | | „ | 121.00 |
| Tillag úr ríkissjóði | | „ | 4000.00 |
| —— úr bæjarsjóði | | „ | 4000.00 |
| Seldir aðgöngumiðar | 46286 | | |
| Skrifaðir —— | 1017.90 | | 47303.90 |
| | | | 56713.40 |

Gjöldin skiftast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Leikrit og bækur | kr. | 386.99 |
| Tjöld og húsbúnaður | „ | 5369.21 |
| Búningar o. fl. | „ | 5207.66 |
| Húsal. skemtanask. o. fl. | | 13 027.06 |
| Hiti og Ljós | | 442.55 |
| Fastir starfsmenn | | 7798.00 |
| Leikendur | | 9122.00 |
| Aðstoðarmenn | | 6475.85 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| þýðingar og rolluskrifta | kr. | 1116.40 |
| Endurgoldið lán | " | 3500.00 |
| Auglýsingar og prentun | " | 3571.66 |
| Önnur útgjöld | | 695.87. |

56715.24

Mismunur á tekjum og gjöldum er kr. 985.73.

Peningavelta félagsins er miklu meiri en nokkru sinni áður.

Við byrjun leikársins hvíldi á félaginu skuld að upphæð kr. 4000. — En er nú að upphæð kr. 985.73.

Það leikritið sem gaf mesta brutto tekjur var „Einu sinni var“ tekjur af því leikriti 9 kvöldum urðu alls kr 16.700. en gjöld kr 16.000 nettó ágóði kr 700.00.

Þá voru kosnir starfsmenn fyrir næsta tímabil. Fjarverandi voru Ein Kvaran frú Guðrún Indriðad. og Páll Steingrímsso og Friðfinnur Guðjónsson. Kom þessvegna til orða að frestað yrði stjórnarkosningu þar til þessir meðlimir væru komnir heim.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Engin tillaga kom þó fram og var því gengið til kosninga. Ágúst Kvaran gjörði fyrirspurn til formanns fjelagsins, frú Stefaníu Guðmundsdóttur, sem hafði ákveðið að fara utan þ. 30. þ. m., hvort hún væri fáanleg til að halda áfram formensku og yrði komin heim aftur er leikstörf byrjuðu.

Hún kvað áform sitt vera að dvelja aðeins 2 mánaða tíma í Kaupmannahöfn, og lengur ekki vera því aðeins, að heilsa hennar neyddi hana til þess. Kvaðst hún miklu fúsari nú, að taka að sér formensku fjelagsins en síðastliðið ár, því bæði væri fjárhagurinn betri og auk þess hefði hún lært mikið af starfinu síðast liðin vetur.

Var frú Stefanía Guðmundsdóttir þvínæst kosin formaður leikfjelagsins næsta leikár með 9 samhljóða atkvæðum.

Ritari var kosinn Friðfinnur Guðjónsson. með 10 atkvæðum. og gjaldkeri Borgþór Jósefsson. með 8 atkvæðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varastjórnin endurkosin í einu hljóði.

Endurskoðendur Indriði Einarsson og Páll Steingrímss. voru sömuleiðis endurkosnir

Þá mælti Borgþór Jósefsson á þessa leið.

Árið 1918 voru nokkurir íslendingar kveld eitt samankomnir í Kaupmannahöfn, þar á meðal núverandi Jóhann skáld Sigurjónsson, og fl. er hann nafngreindi. Hafði þar orðið tilrætt um, hve afar nauðsynlegt, það væri fyrir framtíð leikfélagsins og leiklist á Íslandi að komið yrði ~~þeim~~ allra fyrst upp viðunanlegu leikhúsi í Reykjavík.

Var það samhuga álit þessara manna, að eitthvað yrði að gjöra hið bráðasta, til þessa að mynda sjóð í þessu skyni, og mætti sjálfsagt með góðum vilja, fá nokkurt fé manna, ef áhugi væri nógur. - Var Jóhann Sigurjónsson þess hvetjandi að byrjað væri nú þegar, og lagði hann kr 10.00, sem vísir þessa sjóðs, og lest hann því stofnandi sjóðsins. - Veturinn eftir lék leikfélagið „Nýjársnóttina" eitt kveld, Frú Guðrún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Indriðadóttir hafði dansýningu til ágóða fyrir sjóðinn, og ýmislegt fleira hefur sjóðnum áskotnast svo hann er nú um tvö þúsund krónur.

Um sjóð þenna voru engin ákvæði gjörð, en var upphaflega tilætlast að honum yrði varið til leikhúsbyggingar, en þar sem nú ríkið hefur tekið að sér leikhúsbygginguna er ekkert því til fyrirstöðu að sjóðnum verði ákveðið annað verksvið í framtíðinni. – Og nú væri það tillaga formannsins að sjóður þessi yrði verðlaunasjóður. Þannig að úr sjóði þessum væru veittar Kr 1000.00 á ári fyrir best samið íslenzkt leikrit – að dómi þar til kjörinnar nefndar. En til þess að þessi sjóður yrði til gagns væri nauðsynlegt að auka hann árlega með líkri upphæð og veitt væri úr honum, með því að leika einhvern vissan dag á ári til ágóða fyrir hann, og ætti ef vel væri áhaldið að gefa Kr 1000.00 tekjur, sem mundi vera lík upphæð og verðlaun þau er veitt mundu verða. – Verðlaunanefnd yrði að kjósa, og væri ætlast að í henni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

situ 3 menn. og væri formaður leikfélagsins í hverjum tíma sjálfkjörinn í nefndina, auk þess maður kjörinn úr heimspekisdeild háskólans, og sá þriðji ~~af~~ frá stúdentafélaginu.

Leikrit þau er verðlaun hlytu, ætti leikfélagið að eiga einkarétt á að sýna fyrsta árið, án annara ritlauna en verðlaunanna.

Leikrit sem félaginu bærust og ekki næðu verðlaunum hefði félagið rétt til að sýna gegn hæfilegum ritlaunum.

Formaður vildi láta ~~sjóð~~ kenna sjóð þenna við leikritaskáldin Jóhann Sigurjónsson og Indriða Einarsson, og nefna hann

"Verðlaunasjóður Jóhanns og Indriða"

Indriði Einarsson gjörði þá athugasemd að hann kynni ekki við að sjóðurinn væri kendur við sig, það væri algengt að tileinka sjóði látnum mönnum, en hann væri sem allir sæu bráðlifandi.

Borgþór Jósefsson sagði að það sem fyrir sér hefði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vakað, með samþykki formannsins væri það, að sjóðurinn tæki til starfa 30 April n.á., en þann dag yrði Indriði Einarsson þrisvar sinnum tuttugu og fimm ára. og væri því velviðeigandi að kenna sjóðinn við hann.

Það væri og tillaga formannsins að þessi dagur -30 April- yrði valin til þess að leika til ágóða fyrir sjóðinn eftirleiðis.

Í nefnd til þess að undirbúa mál þetta, semja reglugerð og skipulagsskrá fyrir sjóðinn o.s.frv. voru kostnir þeir Jakob Möller - Páll Steingrímsson - Oskar Borg.—

Fundurinn lét þá ósk sína í ljósi að nefndin hraðaði svo störfum sem henni væri auðið, til þess að hægt væri að auglýsa verðlaunatilboð sem allra fyrst, í þeirri von að fyrsta verðlaunaritið yrði leikið 30 April n.k.

Þá var því hreyft, hvort halda ætti sama fyrirkomulagi, sem verið hefir að leika áttunda leikkveld hvers leikrits, allar alþýðusýningar og öll þau kvöld sem ekki seldust fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fullar fimmhundruð krónur án launa. - Voru flestir sammála um að hafa þetta ákvæði í gildi en beita því með mestu varúð, ekki nema nauðsyn krefði, og var það samþykkt í einu hljóði.-

Var þá fundinum frestað þar til verðlaunasjóðsnefndin hefði lokið störfum 112

5. September var fundinum haldið áfram

7 félagar mættir.

Var fyrst til umræðu tilkynning frá hinum nýkosna formanni, frú Stefaníu Guðmundsdóttur sem nú dvelur í Kaupmannahöfn, að vanlaust væri að hún vegna veikinda sinna gæti haft formennskuna á hendi næsta vetur urðu um þetta umræður á víða og dreif, og eftir upplýsingum frá Ágúst Kvaran var hallast að því að fá Indriða Waage sem framkvæmdastjóra félagsins. enda ~~ætti~~ áleit fundurinn að æskilegt væri að tryggja sér hann sem leikara framvegis.

Var því ákveðið að fresta fundi þar til búið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veri að tala við Indriða Waage og vita hvort hann veri fáanlegur til þessa starfa. 113

20. September var fundinum haldið áfram.

Mætter var hr. Indriði Waage, og lýsti hann því yfir að hann veri fús til þess að taka að sér forstöðu leikanna á næstkomandi vetri.

Og var hann samþykktur til upptöku í félagið.

Þá var kosinn formaður félagsins hr. Kristján Albertsson í einu hljóði.

Þar eð verðlaunanefndin hafði ekki neitt látið til sín heyra, og fleira ekki lá fyrir fundinum var aðalfundi slitið.

Kristján Albertsson
formaður

Friðf. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur
var settur 7. april 1926, samkvæmt fundar-
boði. – 11 félagsmenn voru mættir. Fundar-
bók síðasta fundar lesin upp og samþykt.

Reikningar félagsins yfir síðastliðið
starfsár voru ekki tilbúnir, sökum þess
að ýmsa reikninga, sem væntanlegir voru
frá verslunum, er félagið hafði skift við
á árinu vantaði. –

Formaður félagsins hr. Indriði Waage
óskaði eftir umsögn félagsins um það
hvort ~~hann~~ það ~~a~~ vildi njóta aðstoðar
sinnar næsta leikár, og í því tilefni
ályktaði fundurinn að kjósa stjórn
félagsins á þessum fundi og var þá
stjórnin endurkosin þannig að

form. var Indriði Waage
ritari Friðfinnur Guðjónsson
gjaldkeri Borgþór Jósefsson

Nýir meðlimir í félagið voru samþyktir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frú Marta Kalmann
fröken Arndís Björnsdóttir
Brynjólfur Jóhannesson
Haraldur Ásgeirsson og
Kristinn Kristjánsson
Var svo fundinum frestað. 114+1

12. febrúar 1927 var fundinum haldið
áfram. á Hótel Heklu Fundarstjóri var kosinn Jakob
Möller. Upptökubeiðnir komu frá fröken
Emilíu Indriðadóttir og Aðalsteini Friðfinns-
syni, og voru þau samþykt.

Þá lagði gjaldkeri fram endurskoðað-
an reikning yfir starfsárið 192–1927
Tekjur á árinu höfðu alls orðið 68 þús.
krónur. – Skuld í ársbyrjun var c 1000
kr., sem greiddar voru af þessa árs tekjum
en við lok þessa starfsárs voru ógoldnar
skuldir félagsins 1490 kr. 46 aurar.
Reikningarnir voru samþyktir. –

Þá mætti á fundinum Guðm. Kamban

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rithöfundur, sem nýkominn var hingað frá Danmörku þeirra erinda, að komast í samvinnu við Leikfélagið um sýningar á 3 leikritum eftir sig. Hafði hann ~~átt~~ áður átt í bréfaskiftum við formann félagsins, en ekki orðið neinn endanleg niðurstaða þeirra í milli. Skýrði hann málaleitun sína á þá leið, að hann byðist til að leggja til 3 leikrit ~~sín~~, þar á meðal eitt nýlega samið, og sem ekki hefir áður verið leikið, sem sje „Sendiherrann frá Júppíter", hafa sjálfur á hendi leiðbeininguna og útbúnað þeirra á leiksviði, gegn því að hann fái tekjur þær sem afgangs verða þegar allur kvöldkostnaður er greiddur, og 100 kr. að auki til félagsins fyrir hvert leikkvöld.

Formaður félagsins hr. Indriði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Wåge lýsti yfir því, að hann ætti mjög örðugt með að láta grípa þannig inn í verkahring sinn á miðju leikári, sem að sjálfsögðu yrði til að trufla þá áætlun er hann hefði gert fyrir þann tíma sem eftir væri af leikárinu, að öðru leiti sagðist hann láta þetta mál afskiftalaust og leggja úrslit þess undir atkvæði fjelagsins.
Veik hann síðan af fundi.
Umræður urðu töluverðar ~~fram og~~ með og móti og tóku til máls Borgþór Jósefsson, Einar Kvaran og Kristján Albertsson o. fl.
Að lokum kom fram tillaga frá Jakob Möller, um að fela stjórninni þetta mál til frekari aðgerða.
Tillaga þessi var samþykt með 9 atkvæðum gegn 2.
Var þá ákveðið að halda fund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo fljótt sem unt væri til að útkljá þetta mál.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

Traage

Friðfinnur Guðjónsson

116

Þann 22. febr. 1927, hjelt Leikfélagið fund í Iðnó. 18 félagar voru mættir.

Var þá tekin til umræðu málaleitun hr. Guðm. Kamban, sem stjórninni var falið til meðferðar á síðasta fundi.—

Skýrði Borgþór Jósefsson frá því, að stjórnin hefði átt samtalsfund við formann félagsins og rætt allítarlega um þetta mál við hann, en það hefði ekki leitt til neins samkomulags, enda hjeldi formaður fast við yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lýsingu sína, að leggja málið undir atkvæði félagsins án sinnar íhlutunar. – Urðu enn talsverðar umræður og töluðu þeir Einar Kvaran og Kristján Albertson eindregið með því að tilboði Kambans væri tekið, en á móti Jakob Möller o.fl. –

Svohljóðandi tillaga kom frá Kristjáni Albertssyni:

„Fundurinn ályktar að taka tilboði Guðm. Kambans, að stjórna æfingum þriggja sjónleika, á þeim tíma sem eftir er leikárs; með þeim kjörum að honum falli tekjur þær, af hverju leikkvöldi, er fram yfir verða allan kostnað og 100 króna ágóða til félagsins, ef hann fæst.“ –

Tillaga þessi var borin undir atkv. og feld með 7 atkvæðum gegn ~~7~~ 4.

Þareð fleira lá ekki fyrir fundinum var honum slitið.

[illegible signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 11. sept. 1927, var aðalfundur
haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.
Mættir voru: 12 félagsmenn.
Fundargerðir upplesnar og samþ. –
Vegna lasleika gjaldkera félagsins
voru reikningar fyrir síðastliðið
starfsár ekki lagðir fram á fundinum.

Þá var kosin stjórn fyrir næsta ár.
Formaður Indriði Wåge með 10 atkv.
Ritari Friðf. Guðjónsson með 10 –
Gjaldkeri Borgþór Jósefsson 11 –
Í varastjórn voru kosnir Helgi Helgason,
Einar Björnsson og Stefán Runólfsson. –
Endurskoðendur: Indriði Einarsson og
Brynjólfur Jóhannesson.

Formaður félagsins skýrði frá tilboði
frá Ika Classen sænskum leikara er hér var á
ferð í sumar, þar sem hann býðst til
að koma hingað á næsta ári og leika með
félaginu í einu leikriti, gegn því, að
félagið ábyrgist sér ferðakostnað. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um þetta urðu nokkrar umræður, er enduðu með því að stjórninni var falið að ráða fram úr þessu máli á sem heppilegastan hátt.-

Þá var stjórninni ennfremur falið að setja sig í samband við danska leikarann Paul Reumert, og fá að vita hvort hans sé hingað von, og ef svo væri, þá að reyna að fá samvinnu við hann fyrir félagsins hönd.-

Í sambandi við ofanskráð tilboð gat Óskar þess, að varlega þyrfti að fara í peningasökum næsta ár, þareð skuld félagsins hefði aukist töluvert mikið á síðastliðnu leikári. Einnig mintist hann nokkuð á breytinguna á skemtanaskattinum.

Indriði Einarsson skýrði frá því að leikhússjóðurinn væri væri nú orðinn 198 þús. krónur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá var nokkuð rætt um borgun til leikenda og annara starfsmanna við leikina. Og fól fundurinn formanninum að gera samning við aðstoðarmenn og aðra, sem hann áliti hentugan fyrir fjárhag félagsins.

Kristján Albertsson ~~sagð~~ ritstjóri sagði sig úr félaginu.

Fleira var eigi rætt. Fundi slitið

Iwaage

Friðf. Guðjónsson

118

13. febrúar 1928. var aukafundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Mættir voru 15 félagsmenn.

Fundarefnið var tilboð frá frú Betty Nansen í Kaupmannahöfn, þar sem hún býðst til að koma til Reykjavíkur í næstkomandi maímánuði og leika

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ýmsþekt leikrit eftir Ibsen og Björnson alls 10 kvöld. – Gegn þessu vill hún að félagið ábyrgist sér einhverja ákveðna upphæð og aðra ferð ókeypis fyrir sig og flokk sinn. Urðu um þetta nokkrar umræður, og að þeim loknum var samþykt að formaður skipaði 3 menn í nefnd þessu til athugunar og gera skyldu þeir tillögur og leggja þær fyrir félagið. Í nefndina skipaði hann: Jakob Möller, Óskar Borg og Helga Helgason. Fundurinn óskaði að nefndin hraðaði störfum sínum sem hægt væri.

Gjaldkeri lagði fram endurskoðaðan reikning fyrir leikárið 1926-'27.

Tekjur voru alls kr. 60865. 86 a.

Skuld í reikningi kr. 5075. 56 a. þar frá dregst í sjóði hjá gjaldkera 223.00 verður því skuld sú, er nú hvílir á félaginu 4852 kr. 56 aurar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningurinn var samþ. með öllum atkvæðum. - Fundinum frestað.

116+1

Sunnudaginn 4. mars 1928, var aukafundinum haldið áfram og rætt um tilboð frú Betty Nansen.

Jakob Möller gaf skýrslu um störf nefndar þeirrar, er skipuð var á fyrri hluta fundarins. - Nefndin hafði komist að þeirri niðurstöðu, að ómögulegt væri að taka tilboði frúarinnar, nema með miklum aukastyrk, eins og talað var um í byrjun fundarins - og hefði leitað fyrir sér á flestum þeim stöðum, sem bent hafði verið á við umræður um málið. Formaður hafði skrifað Sveini Björnssyni sendiherra, um styrk úr Sáttmálasjóði. - Sömuleiðis Jakob Möller til stjórnar Sáttmálasjóðsins. - Þessu svarar Sveinn Björnsson með símskeyti 28. sama mánað-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ar, að stjórn Sáttmálasjóðsins svari alveg neitandi. Ennfremur var talað við borgarstjóra og var þar algert afsvar. Möller hafði talað við dómsmálaráðherrann, en þar var enginn styrkur fáanlegur. –

Nefndin treysti sér því ekki til að ráða félaginu til að gera frúnni nein tilboð um föst laun, en talað um að láta hana hafa allar nettótekjur, ef nokkrar yrðu og ódýra aðstöð við leikina. –

Óskar Borg kom með svohljóðandi tillögu: „Ég legg til, að frú Betty Nansen sé símað tilboð á þá leið, að henni sé ábyrgst friar ferðir og uppihald hér, og minst 250 kr. danskar á kvöldi og þar að auki allur nettó ágóði". –

Tillaga þessi var samþykt með 7 samhljóða atkvæðum (10 félagsmenn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Inntökubeiðnir lá fyrir frá Baldri Sveinssyni, Val Gíslasyni og Kjartani Þorvarðss. og voru þeir allir samþyktir.

voru á fundi). Nefndinni var síðan falið að svara frúnni, að ákveðnara tilboð en þetta væri ekki hægt að gefa. —

Fleira var ekki til umræðu.

Fundinum slitið

Ragnar E. Kvaran Guðjónsson

119+1

Mánudaginn 10. sept. 1928, var aðalfundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Mættir voru 17 félagsmenn. Fundargerðir upplesnar og undirskrifaðar.

Samþyktar inntökubeiðnir frá þeim Ingólfi Gíslasyni og Emil Thoroddsen.

Reikningar félagsins voru ekki fullgerðir, en gjaldkeri gerði lauslega grein fyrir hag félagsins eins og nú stæði. —

Þá var kosin stjórn fyrir næsta leikár og hlutu kosningu: Indriði Wáge

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

formaður með 15 atkv.
Ritari Friðfinnur Guðjónsson með 16 atkv.
Gjaldkeri Borgþór Jósefsson — 11 —
Varastjórn:

Endurskoðendur:

Þá var lesin upp og lögð fram til umræðu málaleitun frá Haraldi Björnssyni leikara svohljóðandi:
„Þar sem ég nú að loknu námi, erlendis hefi í hyggju að setjast að í Rvík, á komanda hausti, til frekari leikstarfsemi hér heima, álít ég að eins og nú standa sakir, sé það bæði heppilegra og eðlilegra, að samvinna takist með mér og Leikfélagi Reykjavíkur, en að hver vinni út af fyrir sig.
Jeg vil því leyfa mér, eftir umtali við hlutaðeigandi stjórnarnefndarmenn, að gera Leikfélagi Reykjavíkur svolátandi tilboð:—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg vil taka að mér að æfa og sýna 3 leiki með félaginu á næsta leikári, helst á tímabilinu frá 1. október til 30. janúar.

Jeg hefi hugsað mér þessi leikrit:

„Dauði Natans Ketilssonar", eftir E. Hoffmann

„Galdra Loft", eftir J. Sigurjónsson

„Fru Beates Regnskab" G. Gandrup.

yrði það jólasýning, því stykkið er hugðnæmt og fallegt, - og öll eru þessi stykki líkleg til að gefa góðar tekjur.

Jeg vil ráða hlutverkaskipun, leiðbeina við alla leikina, leika Loft í Galdra Lofti, lítið hlutverk í Dauða Natans og allstórt hlutverk í Beates Regnskab.

Fyrir það áskil ég mér í kaup frá félaginu 500 til 600 kr., fyrir hvern leik, eftir samkomulagi. Það skal tekið fram, að ég mun geta lánað félaginu - endurgjaldslítið, - búninga og hárkollur úr þessum íslensku leikjum sem ég hefi nefnt, - Einnig tjöld þau, er mest

kostar að búa til, svo sem baktjald og kirkjuna úr Lofti, með kirkjustólum, krossmörkum, prédikunarstól o.fl. Svo og húsmuni úr ráðsmannsstofunni í sama leik, ef þess yrði óskað.

Jeg hefi sýningarleyfi höf. á þessum leikritum, og eru kröfur þeirra mjög aðgengilegar. Þó vil ég áskilja mér rétt til að breyta um leikritaval, að einhverju leyti, ef brýn nauðsyn kynni að bera til. –

Vegna samninga við Leikfélög utan Reykjavíkur, er mér talsvert áríðandi að fá svar yðar sem fyrst.

Ísafirði 14. maí 1928.

Með mikilli virðingu

Har. Björnsson

Um þetta tilboð urðu nokkrar umræður. Jakob Möller andmælti tilboðinu, aðallega vegna þess, að ~~ef því yrði tekið~~ það væri byggt á öðrum starfsgrundvelli, en félagið hefði frá byrjun starfað á, og áleit

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það vera mjög ranglátt gagnvart þeim leikendum sem um langt áraskeið hefðu starfað fyrir félagið og litið borið úr býtum.
Óskar Borg mælti með tilboðinu, og sagðist álíta það hagnað frá sjónarmiði listarinnar að fá samvinnu við Harald. Hann mintist einnig á, að ef félagið neitaði nú samvinnu við Harald, hvort ekki gæti skeð, að hann þá kæmi upp leikjum hér, samt sem áður, og yrði þá keppinautur Leikfélagsins.
Nokkrir fleiri tóku til máls.
Borgþór Jósefsson þótti leikritavalið ekki heppilegt hjá Haraldi. – Sérstaklega bjóst hann við, að leikurinn Galdra Loftur væri mönnum, í svo fersku minni, frá því Leikfélagið hefði sýnt hann, síðast, að ekki væri tímabært að sýna hann enn þá.
Að lokum var tillaga frá Jakob Möller lögð fram, og er hún svohljóðandi: „Fundurinn ályktar, að fela stjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsins að svara tilboði Haraldar Björnssonar á þá leið, að félagið vilji fela honum sýningu á einu leikriti til dæmis Dauða Natans Ketilssonar, fyrir ákveðið kaup, en að um frekara starf hans fyrir félagið, sem leikara eða leikstjóra, verði að fara eftir samkomulagi á starfsgrundvelli félagsins."

Við þessa tillögu kom breytingartillaga frá Óskari Borg, þannig að í stað einu leikriti, komi: tveimur leikritum, til dæmis Dauði Natans Ketilssonar og einhverju öðru.

Breytingartillagan var feld með 14 atkv. gegn 2.

Var aðaltillagan þá borin undir atkvæði og samþykkt með 16 samhljóða atkvæðum.

Þá var minst á að fá stóla í áhorfenda-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

salinn í Iðnó. Var gert ráð fyrir að
þeir mundu kosta 6-7 þúsund krónur.
Fól fundurinn formanni að leita sam-
komulags við Hákonsen, og því næst leyta
fyrir sér með lán í þessu augnamiði, og
skýra félaginu frá þeim árangri á fram-
haldsfundi sem væntanlega yrði haldinn
innan skams. — Fundinum frestað. —

Stefan Runólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 20 November 1928. var aukafundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur
Mættir voru 17 meðlimir. Fundarbók frá síðasta fundi upplesin.

Formaður félagsins Indr. Waage bað sig undanþeginn að stjórna fundi, og tilnefndi í sinn stað varaformann Helga Helgason, og tók hann sæti sem fundarstjóri.

Lögð fram inntökubeiðni frá Fröken Þóru Borg, og hún samþykkt í einu hljóði.

Gjaldkeri lagði fram reikning fyrir starfsárið. Tekjur höfðu alls orðið fyrir selda og skrifaða aðgöngumiða Kr 45.909.65.

Skuldir sem hvíla á félaginu eru aðeins Kr 5051.61.

Gjaldkera gefin kvittun fyrir reikningunum.

Formaður félagsins félagsins Indr. Waage lét þess getið að hann vildi ekki halda áfram formannsstöðu fyrir félagið af ýmsum ástæðum sem hann færði fyrir því, og vék síðan af fundi.

Kom þá fram tillaga frá Borgþór Josefssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svohljóðandi.

„Fundurinn lætur í ljósi þá ósk, að hr. Ind. Waage haldi áfram formannsstarfi fyrir fjelagið, og felur þrem fjelagsmönnum, að fara á fund hans, og fá hann til að halda áfram starfi sinu fyrir fjelagið“

Þessi tillagan samþykkt með 11 gegn 6 atkv.

Í nefndina voru kosnir Helgi Helgason, Stefán Runólfsson og Borgþór Josefsson.

Fundinum frestað.

122

22 November var fundinum haldið áfram. Nefndin sem kosin var á síðasta fundi skýrði frá, að árangur af samtali sinu við Ind. Waage hefði orðið algjörlega árangurslaus, og yrði því fundurinn að taka ákvörðun um formann fyrir fjelagið þann tíma sem eftir væri af leikárinu.

Þá tók til máls Óskar Borg, og rakti að nokkru leiti sögu leiksýninganna síðastliðið leikár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varaformanni Helga Helgasyni var falið að fá svar frá Haraldi Björnssyni hvort hann væri fáanlegur til að taka við stjórn félagsins það sem eftir væri af leikárinu.

Helgi Helgason færðist undan því, og kvað það vera verkefni hins væntanlega kjörna formanns.

Var þá stungið upp á Jakob Möller, sem formanni, og greidd atkvæði, og hlaut hann tíu atkvæði, en vegna ógreinilegrar atkvæðagreiðslu, var gengið til atkvæða aftur. Hlaut Jakob Möller þá þrettán atkvæði, en Óskar Borg sjö atkvæði, og var því Jakob Möller réttkjörinn formaður félagsins.

Að síðustu var lagt fram bréf frá hr. Håkanson, þar sem hann kvartar undan því, að samningar við sig viðvíkjandi húsinu, hafi ekki verið haldnir. og krafst þess að ógreidd húsaleiga verði tafarlaust greidd.

Fundurinn fól hinum nýkjörna formanni að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiða fram úr þessu.
Fleira lá ekki fyrir fundinum að þessu
sinni. Fundi slitið.

Stefan Runolfsson

Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 22 sept. 1929 var aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur haldinn í Iðnó. Mættir voru 14 meðlimir.

Fundarbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykt.

Nefndin, sem kosin hafði verið á síðasta fundi, gaf skýrslu um þau atriði, sem henni hafði verið falið að athuga. Áætlaður sparnaður, auglýsingar, músík og fl. ca 4000.- krónur.

Gjaldkeri gat ekki lagt fram reikninga, þareð ekki hafði verið hægt að gera upp árið enn. En lagði fram lauslegt ágrip af tekjum og gjöldum fjelagsins yfir starfsárið.

Þá lagði nefndin tillögu fyrir fundinn í 4 liðum. Svo hljóðandi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Leikfjelagið ráði mann í sína þjónustu, einskonar leiksviðsstjóra sem hafi á hendi umsjá með tilbúning leiktjalda, útvegun og smíði húsgagna og þess annars sem á leiksviðið þarf fyrir hvert leikrit. Hafi umsjá með þessum ~~at~~ eignum fjelagsins þegar þær ekki eru í notkun. Auk þess hafi hann á hendi önnur þau störf er stjórnin kann að fela honum, svo sem boðun æfinga og fl. Alt í samráði við formann fjel. og „instruktör“.

2. Stjórnin fái 2 af leikurum til að sjá um búninga. Útvegun og tilbúning ef með þarf. En sjerstaklega til þess að sjá um að nota svo mikið og frekast er unt af búningum sem til eru.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Komi skipulagi á „Gardvolei" fjelagsins og hafi eftirlit með honum.
3. Stjórninni sje ekki heimilt að ráða „instruktör" á rostkomandi leikári fyrir mæra kaup, en sem svari 50 kr. fyrir hvert leikkvöld, og 75 kr. - ef hann leikur sjálfur. Sömuleiðis sje henni ekki heimilt að ráða gesti til fjelagsins án samþykkis fjelagsfundar.
4. Í því tilfelli að engin „instruktör" fáist, skipar stjórnin fyrir af leikurunum til að sjá um uppfærslu leikrita.
1, 2 og 3. liður voru samþyktir í einu hljóði. 4 liður með þeirri breytingu frá frú Soffíu Kvaran að í stað „stjórnin skipar" komi „kjósa fjelagsmenn."
Brynjólfur Jóhannesson bar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram 3 tillögur og vóru þær allar
samþyktar.
1. tillaga: Legg til að formaður skipi
einhvern af leikendunum fyrir
hvert leikrit, til að sjá um
leikstjórn og halda uppi reglu
á bak við tjöldin, á meðan á
leiksýningu stendur.
2. till: Legg til að nú sje kosin
3ja manna nefnd til að endurskoða
lög fjelagsins.
3. till. Geri það að tillögu minni
að grein í lögunum fjelagsins
sem fjallar um að leikfjelagsmeðlimir
gangi að fyrir með hlutverk, verði
framfylgt, og skorar jafnframt
á stjórnina að hlynna að meðl.
fjelagsins, einsog hægt er.
Í laga nefnd voru kosnir
Helgi Helgason, Brynjólfur Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Kjartan Þorvarðsson. Þá var samþykkt tillaga um að greiða leikendum fyrir „Reumert-sýningarnar". Einnig samþykkt tillaga um að fela stjórninni að safna handritum og bókum fjelagsins á einn stað, og semja skrá yfir.

Í stjórn fjelagsins fyrir næsta ár voru kosnir Friðfinnur Guðjónsson, formaður, Borgþór Jósefsson, gjaldkeri og Valur Gíslason ritari. Varastjórn: Helgi Helgason, Einar Björnsson. Endurskoðendur: Indriði Einarsson og Brynjólfur Jóhannesson.

Fleira lá ekki fyrir fundinum, og var fundi slitið. Þá stóð upp Helgi Helgason og þakkaði fjelaginu fyrir þá vinarkveðju sem það hefði sent sjer og konu sinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á silfurbrúðkaupsdegi þeirra hjóna, því nutur vorum margir fundarmenn farnir, og bað hann formann að skila bestu þökk til þeirra.

Frið. Guðjónsson

C. Nikulasen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Framhald~~ aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur var haldinn í Kaupþingsalnum þ. 8. sept 1930 kl. 8½ e.h. Mættu voru 14 fjelagsmenn.
Fundarbók síðasta fundar lesin upp og samþykkt. Formaður skýrði frá gjörðum fjelagsins yfir veturinn 1929-30. Gjaldkeri lagði fram reikninga (óendurskoðaða) fyrir starfsárið 1928-29. Gat þess að sjer hefði ekki unnist tími til að gera þá upp fyr. Skuldir fjelagsins í lok starfsársins Kr: 14.170.70 — Las hann síðan upp ágrip af reikn. fyrir 1929-30. Áætlaði skuldir ca 16000.-
Þá tók Jakob Möller til máls. Talaði um þá örðugleika, sem fjelagið ætti við að búa fjárhagslega og hve útlitið væri nú miklu verra en endranær, þar sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Har. Björnsson og nokkrir menn með honum verð ~~...~~ ákveðnir að halda uppi ~~...~~ leiksýningum í vetur, jafn-framt L. R. og óhætt væri að fullyrða að þeim hefði verið lofað húsnæði í Iðnó á jafns við L. R. Það segir alli hvað slíkur „konkurance" myndi leiða af sjer, þar sem 2 sjálfstæð leikfjelög ættu að skifta á milli sín þessum fáu æfinga og leikkvöldum sem hægt væri að hafa; fyrirsjáanlegt stór-tap hjá báðum fjelögunum. En þar sem fjár-hagur L. R væri nú svo erfiður ~~að~~ sem frekast mætti vera til að fjelagið geti haldið áfram að starfa væri nauðsynlegt að einhver samvinna tækist milli L. R. og Har. Björnssonar + fjelaga hans.

Möller gat þess að hann hefði minst á þetta við H. B. + L. Sigurbjörnsson, og sagði að þeir ~~mundu~~ mundu ekki vera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samvinnu fráhverfir. J. Möller stakk
upp á að myndað yrði einskonar
innra fjelag eða framkvæmdarráð
innan L. R. sem hafi að sjer allan
rekstur fjelagsins ~~vissan tíma~~ um ákveðið tímabil og sem beri
fulla ábyrgð á skuldum og eignum
fjelagsins (Gengið út frá að Har. Björnsson
og fjelagar hans gangi í L. R. og verði með á
stofnun þessa ~~fr~~ framkvæmdaráðs).
Frú Marta Kalman kom með tillögu um
að kjósa 3 manna nefnd til að ræða
um samvinnu á einhverjum grundvelli við
Har. Björnsson og fjelaga. ~~Þess~~ Tillagan
samþykt. Og kosnir í nefndina með
öllum gr. atkvæðum Jakob Möller, Einar H.
Kvaran og Bryn. Jóhannsson.
Inntökubeiðni hafði borist frá Hjört.
Hjörleifssyni og var hún samþykt með
öllum greiddum atkvæðum.
Fundi frestað til kl. 9. næsta kvöld.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur settur aftur kl. 9½ þ. 9. sept. 1930. Mættir 17 fjelagsmenn. Nefndin skýrði frá gjörðum sínum. Talaði J. Möller f. h. nefndarinnar. Hafði nefndin haft umræðufund við Har. Björnsson og fjelaga, og kom nefndin með skriflegt tilboð frá þeim svo hljóðandi:

1. Framkvæmdir og skuldbindingar Leikfjelags Reykjavíkur taka að sjer 7 menn og myndi þeir með sjer fjelag innan vjebanda Leikfjelags Reykjavíkur.

2. Stjórnin sje skipuð af og úr flokki þessara 7 manna, sem einnig ~~segja til~~ setja reglur um starfsemi L.R ~~um hver lög skuli gilda fyrir L.R.~~ meðan þeir bera ábyrgð fyrir fjelaginu.

3. Skulu 3 þessara manna vera úr núverandi Leikfjel. Reykjavíkur, hinir 4 úr leikflokki Har. Björnssonar.

4. Ábyrgðarmenn (= innra fjelag") skuldbinda sig til að veita, altaf ½ styrks og ½ ágóða hvers

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikárs til skuldalúkninga, hinn helmingur styrksins skoðist fyrst um sinn sem venjulegt rekstursfje og 1/2 ágóði rennur í varasjóð.

5. Stjórnin sje kosin til 3 ára í senn.

undirritað af Har. Björnssyni, póst. Ó. Stephensen & Lárusi Sigurbjörnss

Urðu miklar og langar umræður um þetta með og móti og voru ýmsar athugasemdir gjörðar. Til máls tóku frú Marta Kalman Hjörl. Hjörleifsson, Har. Á. Sigurðsson Jakob Möller Einar H. Kvaran, frú Soffía Guðlaugsdóttir og fl.

Tillaga kom fram frá Hjörl. Hjörleifssyni um að fresta að taka ákvörðun ~~fyrr~~ til sunnudags n.k. og að þá yrðu lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir 2 undanfarin starfsár. Tillagan feld með 7 atkv. gegn 5.

Þá var ~~komið upp~~ borið undir atkvæði hvort taka skyldi tilboði Har. Björnssonar tillaga, og var það samþykkt með 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gegn 6 atkvæðum. Þar eð ekki lá annað fyrir þessum fundi var honum ~~slitið~~ frestað með öllum atkvæðum.

Frið. Guðjónsson
form.

K. Níelsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1930

Fundur settur aftur þ. 29 des. kl 9 e.h.
á Laufásveg 2. Mættir voru 11 meðlimir.
Inntökubeiðnir höfðu borist frá:

Ólafi Þorgrímssyni nr. 72
Lárusi Sigurbjörnssyni 3
Jóni Magnússyni 4
Har. Björnssyni 5
Gunnþórunni Halldórsd. ~~16~~
Freymóði Jóhannssyni 76
Sigríði Magnúsdóttur 7
Ingibjörgu Bachmann 8
Sólveigu Eyjólfsdóttir 79

Bornar upp og samþyktar með öllum greiddum atkvæðum.
Þá var lesin upp fundarbók síðasta fundar og samþykt.
Gjaldkeri lagði fram reikninga fyrir árið 1929-30 - með athugasemdum endurskoðenda. Einnig las hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp áætlaðann efnahagsreikning,
sem sýndi eignir Kr: ~~21000~~ 17030.92
og skuldir Kr: 21.000.-
Urðu nokkrar umræður um reikningana og
kom þá fram ~~að~~ tillaga frá Indriða Ól. Þorgrímssyni
Einarssyni) (samkvæmt fengnum upplýs-
ingum) svohljóðandi: Fundurinn sam-
þykkir, að fje það sem fjelagið kann
að eiga í leikhússjóði sínum renni
í fjelagssjóð, þar sem ástæður til
starfsemar leikhússjóðs er burtu
fallin. Tillagan var samþykt.
Þá voru reikningarnir bornir upp til
samþyktar og var það gjört með
öllum greiddum atkvæðum.
Þá tók til máls Jakob Möller og
skýrði frá ~~samninnum~~ hvað gjört hafi
verið til að útvega L.R. fje, til
að hægt væri að halda starfsemi þess
áfram, gat þess að eina leiðin sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hægt hefði verið að fara, var að
selja (Þjóðleiksnefndinni) handrit og
búninga fjelagsins. Bar hann fram
svohljóðandi tillögu í sambandi
við þetta mál:

Fjelagið samþykkir sölu á
búningum og handritum, sem
voru í eign þess í lok síðasta
starfsárs, samkvæmt skrám
er gerðar hafa verið yfir þessa
muni fyrir kr. 9000.- níu þúsund
krónur - gegn því að fjelaginu
verði heimil afnot af þeim fram-
vegis eftir því sem um ~~semur~~ hefur samist
við kaupanda.

Tillagan borin upp og samþykt með öllum
greiddum atkvæðum.

Þá hófust umræður um tilhögun fram-
kvæmdaráðs og afstöðu þess gagnvart
L.R. og kom fram eftirfarandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga: Með skírskotun til fundarsamþyktar 9 Sept 1930 felur framhalds-aðalfundur L. R. hjermeð þeim Haraldi Björnssyni, leikara, Hannesi Sigurbjörnssyni, Indriða Waage, Ólafi Þorgrímssyni, Freymóði Jóhannssyni, Friðfinni Guðjónssyni og Brynjólfi Jóhannessyni að reka leikstarfsemi fjelagsins um næstu þrjú ár, enda hafi þeir afnot af öllum eignum fjelagsins og fái til fullra umráða opinbera styrki, sem því kunna að verða veittir á tímabilinu. Halla og ágóða af starfseminni bera ofangreindir menn og fellur þannig niður 4. liður samþyktarinnar frá 9 sept.

Jafnframt felur fjelagið framangreindum mönnum að semja ~~um~~ við skuldheimtumenn þess, enda taki þeir að sjer að greiða skuldir

þess samkvæmt þessa árs reikningi
Tillagan var samþykt með öllum
greiddum atkvæðum.
Þar eð ekki lá fleira fyrir fundi
þessum sagði fráfarandi formaður
fundi slitið

Friðfinnur Guðjónsson
form.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjelagaskrá 30/12-30:

Indriði Einarsson rithöfundur
Einar H. Kvaran —"—
Helgi Helgason verslunarstj.
Friðfinnur Guðjónsson prentari
Þorvarður Þorvarðarson prentsm. stj.
Stefán Runólfsson prentari
Einar Björnsson verslunarm. V.B.Kr.
Jakob Möller bankaeftirlitsm.
Páll Steingrímsson ritstjóri
Guðrún Indriðadóttir frú
Emilía —"— fröken
Marta Kalman frú
Soffía Guðlaugsdóttir -
Arndís Björnsdóttir fröken
Þóra Borg -
Borgþór Jósefsson bæjargjaldkeri fyrv.
Brynjólfur Jóhannesson bankaritari
Indriði Waage —"—
Baldur Sveinsson —"—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~ Stud. 7

√ Kjartan Þorvarðarson ° X skrifstofum. verk

√ Har. Á. Sigurðsson ° Hring. — " — X

√ Valur Gíslason ° verzlunarm. X

√ Aðalsteinn Friðfinnsson ° X Bráv. 26 " — X

√ Emil Thoroddsen ° X píanóleikari X

√ Hjörleifur Hjörleifsson ° X Kaupmaður X

Óskar Borg ° (Ísafirði) úti —

Ágúst Kvaran ° (Akureyri) úti —

Kr. Kristjánsson ° (Þýskaland) X úti —

Ing. Gíslason ° (Canada) X úti —

√ Haraldur Björnsson ° leikari x

√ Lárus Sigurbjörnsson ° √

√ Ólafur Þorgrímsson ° lögfr. Ásv. 5 x

√ Freymóður Jóhannsson ° málari Þing. 28 x

Jón Magnússon ° Tjarn. 32? úti X

Sigrún Magnúsdóttir ° leikari —

√ Gunnþórunn Halldórsdóttir ° Kaupk. X

√ Ingibjörg J. Backmann ° x

√ Solveig Eyjólfsdóttir ° Hell. X

Ragnar Kvaran (Canada) ° X úti —

Anna Borg ° (Danmörku)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nýir fél. 1933-34.

v Bjarni Björnsson
v Vald. Helgason
v Alfred
v Arne Gudm.
v Em. Borg

—

v Hjörtur Björnsson
v Magnus Sigurdsson
v Jón Leós
v Kristín Thorberg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur